

## MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

# NÍÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR OG ÚRSKURÐUR SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS UM VEG NR. 56 YFIR VATNAHEIÐI Á SNÆFELLSNESI

### 1. INNGANGUR

Skipulagsstjóri ríkisins hefur fengið til frumathugunar lagningu vegar nr. 56 yfir Vatnaheiði á Snæfellsnesi, samkvæmt lögum nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum.

**Framkvæmdaraðili:** Vegagerðin.

**Framkvæmd kynnt í frummatsskýrslu:** Nýr 16,5 km langur vegur frá vegamótum við Ólafsvíkurveg yfir Vatnaheiði að vegamótum við Snæfellsnesveg. Jafnframt er lagt mat á endurbætur núverandi vegar um Kerlingarskarð.

**Markmið framkvæmdar:** Að tryggja greiðari samgöngur á Snæfellsnesi og auka umferðaröryggi.

**Frumathugun:** Þann 25. mars 1999 tilkynnti Vegagerðin framkvæmdina til Skipulagsstofnunar. Framkvæmdin var auglýst opinberlega þann 9. apríl 1999 í Lögbirtingablaðinu og Morgunblaðinu og 8. apríl 1999 í Skessuhorni. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 9. apríl til 14. maí 1999 á skrifstofum Eyja- og Miklaholtshrepps, Helgafellssveitar og Stykkilshólmsbæjar, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun í Reykjavík. Fimm athugasemdir bárust á kynningartíma. Leitað var umsagnar Eyja- og Miklaholtshrepps, Helgafellssveitar, Náttúruverndar ríkisins, Ferðamálaráðs Íslands, Landgræðslu ríkisins, veiðimálastjóra og Þjóðminjasafns Íslands.

**Gögn lögð fram við frumathugun:**

**Frummatsskýrsla:** Vegur nr. 56 yfir Vatnaheiði á Snæfellsnesi. Mat á umhverfisáhrifum. VSÓ Ráðgjöf ehf., mars 1999.

**Önnur gögn:**

Svör framkvæmdaraðila við umsögnum og athugasemdum, dags. 14., 19., 21. og 27. maí 1999.

Fylgiskjöl svarbréfa framkvæmdaraðila:

- Nokkur atriði varðandi áhrif fljótandi vegar á jarðvatnsstöðu.
- Yfirlitsmynd: Kerlingarskarð/Vatnaheiði – upphafleg leið og endurskoðuð leið.
- Ljósmynd 2: Náma C og vaxtarsvæði skollakambs.
- Þversnið: stöðvar.
- Haraldur Sigþórsson. Minnisþing vegna athugasemda Náttúruverndarsamtaka Íslands við vegtæknileg atriði frummatsskýrslu umhverfisáhrifa vegar nr. 56 yfir Vatnaheiði. Maí 1999.

Bréf umhverfisráðuneytisins, dags. 19. maí 1999 til Skipulagsstofnunar um endurheimt votlendis.

## 2. UMSAGNIR

Leitað var umsagnar **Eyja- og Miklaholtshrepps** með bréfi, dags. 6. apríl 1999 og barst umsögn þann 5. maí 1999. Þar segir m.a.:

*„Fram kemur að vegurinn liggur að mestu um gróið svæði, ólíkt veginum um Kerlingarskarð. Töluverður hluti vegarins liggur um mýrlendi. Í dag eru uppi vangaveltur um endurheimt votlendis og því mætti segja að það skjóti skökku við að taka ósnortið votlendi og leggja um það veg. Samkvæmt því sem segir í skýrslu VSÓ mun vegurinn verða „fljótandi“ og þannig mun grunnvatnsstaðan ekki breytast og breytingar á votlendi umhverfis veginn ættu því að haldast í lágmarki. Einnig kemur fram í skýrslunni að vegalagningin eigi ekki að hafa umtalsverð áhrif á þær sjaldgæfu plöntutegundir sem finnast á svæðinu.*

*Nauðsynlegt er að öll efnistaka og tilfærsla á efni verði unnin þannig að sem minnst rask verði og strax þarf að ganga frá slíkum svæðum og loka þeim með viðeigandi gróðri.*

*Sveitarstjórn vill benda á að haft verði samráð við landeigendur og hagsmunaaðila, t.d. veiðiréttareigendur í Straumfjarðará og vötnunum, um hvar æskilegt sé að gera bílastæði og þannig beina ferðamönnum á ákveðna staði. Einnig þarf að koma í veg fyrir akstur utan vega um þetta svæði. [...] Víða verður vegurinn mjög stutt frá ánni og má velta fyrir sér hvort af því gæti stafað mengunarhætta.*

*Áhrif á ásynd svæðisins.*

*Svæðið sem fyrirhugaður vegur lendir á er að mestu ósnortið. Raflína liggur þó um svæðið. Ljóst er að vegur um svo til ósnortið land felur í sér mikla breytingu á ásynd svæðisins. Fram kemur í skýrslu VSÓ að ýmislegt á að gera til að milda þessa breytingu en því verður ekki mótmælt að vegalagningin kemur til með að gjörbreyta svip landsins. Umhverfið verður aldrei það sama og það er í dag. Hvort vegalagningin sé eingöngu neikvæð fyrir umhverfið er hins vegar matsatriði. Vegurinn auðveldar aðgengi að svæðinu og getur því stuðlað að aukinni nýtingu þess til útivistar. Ef svo á að verða þarf strax í upphafi að hafa í huga hvernig menn vilja nýta svæðið. Þá þarf að skipuleggja gönguleiðir, reiðleiðir, tjaldsvæði eða bílastæði í samræmi við þær hugmyndir sem gerðar eru um nýtingu landsins. Þannig er einnig hægt að beina ferðamönnum á þá staði sem teljast heppilegir einhverra hluta vegna. Sveitarstjórn telur því mjög æskilegt að*

*samhliða gerð vegarins (verði hann gerður ) verði hugað að skipulagningu alls svæðisins. [...]*

*Lokaorð:*

*Sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps telur matsskýrsluna gera góða grein fyrir þeim áhrifum sem lagning vegar um Vatnaheiði hefur á umhverfi vegastæðisins. Fyrirhugaðar framkvæmdir koma til með að hafa mikil áhrif á ásýnd svæðisins en ekkert í skýrslunni bendir til að áhrif á gróðurfar, fuglalíf eða lífríki straumvatna séu slík að þau ein og sér séu nægjanleg til að leggjast gegn vegagerð um svæðið. Það er því niðurstaða sveitarstjórnar að kostir við lagningu nýs vegar um Vatnaheiði séu þyngri á metunum en ókostirnir.“*

Leitað var umsagnar **Helgafellssveitar** með bréfi, dags. 6. apríl 1999 og barst umsögn með bréfi, dags. 29. apríl 1999. Þar segir m.a.:

*„Hreppsnefnd Helgafellssveitar hefur farið yfir frummat á umhverfisáhrifum vegna vegalagningar yfir Vatnaheiði. Að mati hreppsnefndar gerir matsskýrslan vel grein fyrir þeim umhverfisáhrifum sem framkvæmdir munu hafa, einnig er hreppsnefnd sátt við fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir.“*

Leitað var umsagnar **Náttúruverndar ríkisins** með bréfi, dags. 7. apríl 1999 og barst umsögn með bréfi, dags. 5. maí 1999. Þar segir m.a.:

*„ Gróður*

*[...] Ljóst er að fyrirhugaður vegur liggur um viðkvæmt svæði og að vegarlagningin gæti haft þau áhrif að sjaldgæfum tegundum yrði útrýmt af framkvæmdasvæðinu ef ekki er farið með ýrustu gát í framkvæmdirnar. Fram kemur í frummatsskýrslu að vegstæðið hafi verið fært til austurs til að skerða vaxtarsvæði skollakambs sem minnst en ekki er gerð nánari grein fyrir þeirri færlu vegarins. Náttúruvernd ríkisins leggur áherslu á að grónu landi verði hlíft við raski eins og kostur er verði af fyrirhuguðum framkvæmdum. Jafnframt verði gerðar ráðstafanir til þess að ofangreindum tegundum verði ekki útrýmt af svæðinu, s.s. með því að afmarka vaxtarsvæði sjaldgæfra tegunda. Haft verði samráð við Náttúruvernd ríkisins og Náttúrufræðistofnun Íslands um slíkar áðgerðir.*

*Votlendi*

*[...] Náttúruvernd ríkisins telur að forðast eigi að leggja vegi yfir óraskað votlendi enda hefur gengið mjög á mýrlendi á þessari öld vegna framræslu. Nauðsynlegt er að vernda það sem eftir er ósnert, m.a. vegna fuglalífs. Þá er röskun á votlendi ekki í samræmi við stefnu yfirvalda [...]*

*Náttúruvernd ríkisins bendir á að árið 1996 var skipuð nefnd um endurheimt votlendis í samvinnu umhverfisráðuneytis og landbúnaðarráðuneytis. Þá hefur umhverfisráðuneyti markað þá stefnu í úrskurðum um mat á umhverfisáhrifum að krefjast endurheimt votlendis til jafns við það votlendi sem skerðist við framkvæmdir.*

*Að mati Náttúruverndar ríkisins er fyrirhuguð lagning vegar yfir votlendi á Vatnaheiði í ósamræmi við stefnu yfirvalda hvað varðar verndun votlendis. Jafnframt er slík vegarlagning í ósamræmi við nýsamþykkt lög nr. 44/1999 um náttúruvernd sem taka gildi 1. júlí nk. en samkvæmt 37. gr. þeirra laga skulu mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri, njóta sérstakrar verndar og skal*

fordast röskun þeirra eins og kostur er. Þá má benda á að í greinargerð Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að votlendið á Mýrum og Vesturlandi er gróskumikið og tegundaauðugt og hefur mikið gildi á landsvísu og eru mýrarnar á Vatnaheiðarleið hluti af því.

[...] Samkvæmt frummatsskýrslu er fyrirhugað að leggja fljótandi veg yfir mýrlendið. Náttúruvernd ríkisins bendir á að hér á landi hafa ekki farið fram rannsóknir á áhrifum slíkrar vegarlagningar á votlendi, t.d. hvort breytingar verði á gróðri í nágrenni vegarins. Því eru í raun engin gögn fyrir hendi sem styðja þær fullyrðingar að lagning fljótandi vegar hafi ekki neikvæð áhrif á vatnsbúskap og gróður í votlendi.

#### Fuglalíf

Miðað við ofangreindar upplýsingar [úr greinargerð Náttúrufræðistofnunar Íslands með frummatsskýrslu] munu fyrirhugaðar framkvæmdir hafa neikvæð áhrif á fuglalíf, þ.e. á straumandarvarp við útfall Straumfjarðarár. Þar sem straumandarþéttbýlið er hið mesta á Snæfellsnesi og jafnvel hið mesta á Vesturlandi hefur það tvímælalaust verndargildi og því mikilvægt að því verði ekki raskað.

#### Efnistaka

Í frummatsskýrslu kemur fram að efnisþörf vegna framkvæmdanna er um 514.300 m<sup>3</sup>. Þar af verða 425.000 m<sup>3</sup> teknir úr 5 námum en afgangurinn fæst úr skeringum. Ljóst er að svokölluð náma C liggur við vaxtarsvæði skollakambs. [...]

Náttúruvernd ríkisins telur að gera hefði mátt betur grein fyrir afstöðu framkvæmdasvæðisins til vaxtarsvæðis skollakambs, t.d. með því að sýna saman á korti fyrirhugað vegstæði, námusvæðið og vaxtarsvæði skollakambs. Ef af framkvæmdum verður er nauðsynlegt að vaxtarsvæði skollakambs verði afmarkað á einhvern hátt áður en efnistaka og aðrar framkvæmdir hefjast til að tryggja að svæðinu verði ekki raskað við framkvæmdirnar.

Náttúruvernd ríkisins tekur undir ábendingar Náttúrufræðistofnunar Íslands þess efnis að brýnt sé að fara með gát í efnistöku og að æskilegt sé að efni verði að mestu ekið inn á svæðið á þeim stöðum þar sem veglínan liggur í graslendi og votlendi. Stofnunin fer fram á að haft verði samráð við eftirlitsráðgjafa stofnunarinnar á Vesturlandi um efnistöku, afmörkun efnistökusvæða og frágang að efnistöku lokinni.

#### Frágangur

[...] Náttúruvernd ríkisins telur mikilvægt að tekið verði mið af grenndargróðri við uppgræðslu á þeim svæðum sem raskað verður og að ekki verði sáð plöntu- tegundum sem skera sig úr umhverfinu. Þá bendir stofnunin á að ekki er sjálfgæfið að sáning eigi að vera hluti af frágangi. Á ákveðnum svæðum er æskilegra að sáning fari ekki fram og náttúruleg gróðurframvinda sé látin ráða. Æskilegt er að haft verði samráð við plöntuvistfræðing vegna uppgræðslu.

#### Náttúruminjar og landslag

[...] Fyrirhugaður vegur mun liggja um svæði sem er á Náttúruminjaskrá, sbr. svæði nr. 227, Berserkjahraun, Hraunsfjörður og nálæg vötn. Svæðið er á skrá vegna jarðfræði- og söguminja og vegna lífauðugra fjara og vatna. Það er jafnframt talið vera kjörið útivistarsvæði. Náttúruminjaskrá er skrá yfir náttúru- myndanir, lönd og lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi sem æskilegt er að friðlýsa. Skráin er stefnuyfirlýsing stjórnvalda um það hvaða svæði ætti að vernda og hlífa

við raski vegna sérstöðu þeirra og verndargildis. Verndun ákveðinna landsvæða hefur í raun aldrei verið jafn áriðandi og nú því samhliða auknum áhuga á verndun landslags, lífríkis og útivist í óspilltri náttúru fer aukin ásókn í nýtingu náttúruverðmæta til fjárhagslegs ávinnings, s.s. námuvinnsla, raforkuframleiðsla, vegir og byggingar.

Náttúruvernd ríkisins telur að norðurhluti Vatnaheiðar hafi hátt verndargildi og sé svæði sem er sérstakt bæði á lands- og heimsvísu. [...] Vegurinn mun liggja nálægt gígnum Gráukúlu og í grennd við vegstæðið eru einnig aðrar jarðfræðiminjar, s.s. Rauðakúla og Berserkjahraun. Jarðfræðiminjar sem þessar, þ.e. gígar og hraun frá nútíma, eru sérstæðar náttúruminjar og einkennandi fyrir landið og hafa alþjóðlegt verndargildi. Í því sambandi má benda á að samkvæmt nýjum lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd sem taka gildi 1. júlí 1999 skulu eldvörp, gervigígar og eldhraun njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Norðan Baulárvallavatns er víða vikur undir yfirborðinu og í brekkunni austan Selvallavatns ganga vikurruðningar fram á milli djúpra vatnsrása. Er þar um að ræða nokkuð sérstæð og falleg landslagsform. Fyrirhugaður vegur mun raska þessum vikurruðningum þar sem hann liggur yfir þessi landslagsform. Í frummatsskýrslu segir að reynt verði að draga sem kostur er úr raski á þeim en ekki kemur nánar fram hvernig það verður gert. Vegurinn mun ekki liggja yfir Berserkjahraun né raska ofangreindum gígum. Hins vegar mun hann raska þeirri landslagsheild sem gígarnir og hraunin mynda. Þess ber að geta að í lögum um náttúruvernd kemur t.d. skýrt fram að þegar svæði er friðlýst vegna sérstakra jarðmyndana skuli friðlýsa svæði umhverfis það eins og nauðsynlegt er til þess að það fái notið sín.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að með landslagsvernd er reynt að varðveita stórar landslagsheildir sem enn eru að mestu óskemmdar. Verndargildi landslags á Vatnaheiði felst ekki aðeins í þeim náttúruminum sem þar er að finna heldur einnig í því að um er að ræða svæði sem enn er að mestu leyti óraskað. Vegagerð og aðrar framkvæmdir munu rýra gildi þessa svæðis þar sem ekki verður lengur um óraskað svæði að ræða. Jafnframt er verið að skipta svæðinu upp í minni einingar og svæðið því ekki lengur ein heildstæð eining. Þó rétt sé að landslagsform, s.s. eins og gígarnar á norðanverðu framkvæmdasvæðinu, muni halda sér óbreytt sem áður eins og segir í frummatsskýrslu er ljóst að fyrirhugaðar framkvæmdir munu rjúfa landslagsheildina.

#### Útivist

[...] Náttúruvernd ríkisins telur að það landsvæði sem fyrirhugaður vegur liggur um hafi mikið útivistargildi fyrir þéttbýlisstaðina á Snæfellsnesi og einnig fyrir ferðapjónustuaðila sem byggja á sjálfbærri þróun. Gildi þess felst m.a. í því að um er að ræða nær óraskað svæði í nálægð við þéttbýli. Landslag þar er fallegt og margbreytilegt og er m.a. sérstakt vegna þess að þar eru merkar jarðfræðiminjar sem hafa verndargildi á lands- og heimsvísu. Þar er einnig um að ræða samspil ólíkra landforma, þ.e. gígar og hraun frá nútíma, vikursvæði, stöðuvötn, og votlendi. Þá eru töliverðir fossar í Straumfjarðará á suðurhluta vegstæðisins og fallegir fossar eru einnig í lækjum sem falla niður háar hlíðar austan árinna. Suðurhluti vegstæðisins er vel gróinn og óraskaður dalur. Þá er veiði í Straumfjarðará, sem og Baulárvallavatni og Selvallavatni. Svæðið er kjörið sem gönguland og til náttúruskoðunar.

Náttúruvernd ríkisins telur að verði fyrirhugaður vegur lagður um svæðið muni það tvímælaust rýra gildi þess sem útivistarsvæðis og jafnframt skerða framtíðarmöguleika til uppbyggingar sjálfbærrar ferðaþjónustu. Með vegarlagningu er svæðið opnað fyrir almennri umferð farartækja en það mun raska heildarsvip þess og ekki verður um óraskað svæði að ræða. Hávaði frá umferð mun rjúfa kyrrð og friðsæld svæðisins og rýra gildi þess sem gönguland og svæði til almennrar útivistar. Stofnunin bendir á að náttúra landsins, landslag og jarðfræði hefur mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn, innlenda sem erlenda.

#### Veðurfar

[...] Í umfjöllun um veðurfar í frummatsskýrslu er komist að þeirri niðurstöðu að gera megi ráð fyrir að að fjöldi ófærðar- og torfærðardaga á Vatnaheiðarleið verði um 73% af því sem er á núverandi leið um Kerlingarskarð. Er þá gert ráð fyrir að samsvarandi fækkun verði á fjölda daga þegar ekki er unnt að opna veginn og fjölda daga þegar ófært er og bætt við áhrifum hærri hita á Vatnaheiðarleið. Ekki er tekið tillit til mismunar á aðstæðum til snjósöfnunar vegna ólíks landslags í allra næsta nágrenni við vegarstæðin.

Í frummatsskýrslu kemur einnig fram að á Vatnaheiði hagar svo til að vindur af norðaustri og suðvestri blæs niður fjallshlíðar og er ekki hægt að útiloka að við báðar þær aðstæður geti orðið hvassara en uppi á Kerlingarskarði. Samkvæmt þeim gögnum sem liggja fyrir eru suðlæg veður lítið eitt hvassari á Vatnaheiðarleið en Kerlingarskarðsleið og sunnanóveður mældust öflugust á veðurathugunarstöð á Vatnaheiði. Munu þar vera komnir hinir þekktu sunnanstormar sem oft verða við fjallsrætur á norðanverðu Snæfellsnesi. Í frummatsskýrslu er þó dregin sú ályktun að full ástæða sé til að ætla að slík óveður séu síst hægari og fremur hvassari á núverandi leið um Kerlingarskarð vegna staðsetningar mælistöðva. Mælingar sýna enn fremur að í sumum tilfellum er hvassara á Vatnaheiði í norðlægum vindáttum en á Kerlingarskarðsleið og á það t.d. við um versta norðanóveðrið. Samkvæmt mælingum eru norðlægur áttir að jafnaði ákveðnari á núverandi leið en niðri á Vatnaheiði og því má reikna með að skafrenningur sé algengari þar um slóðir. Ljóst er þó að við vissar aðstæður, og þá líklega einkum ef mjög hvasst er, getur orðið meiri vindhraði á neðri leiðinni og snjóburður því enn meiri en ofar. Heimildir eru um mikla snjósöfnun í Dufgusdal undir Skuggahlíð og af lýsingum þessum að dæma er hún síst minni en á leiðinni um Kerlingarskarð. Þá má geta þess að hvað varðar slysatíðni er komist að þeirri niðurstöðu að veður hafi ekki veruleg áhrif á slysatíðni og að ekki sé verulegur munur milli leiðanna.

Náttúruvernd ríkisins telur að miðað við þau gögn sem lögð eru fram í frummatsskýrslu hafi ekki verið sýnt fram á svo óyggjandi sé að vegur yfir Vatnaheiði sé mun betri kostur í veðurfarslegu tilliti en vegur yfir Kerlingarskarð. Í því sambandi má einnig benda á að veðurmælingar á Vatnaheiði hafa staðið mjög stutt yfir en fyrsta veðurstöðin var sett upp á Vatnaheiðarleið 18. desember 1998. Kemur fram í frummatsskýrslu að athygli veki hve mikill munur er á tíðni ófærðar eftir árum og sýni það mikilvægi þess að hafa sem flest ár til grundvallar við könnun á veðurfari af þessu tagi. Þá bendir Náttúruvernd ríkisins á að gróður á Vatnaheiði bendir eindregið til þess að um snjóþungt svæði sé að ræða og er það í samræmi við heimildir um mikla snjósöfnun í Dufgusdal. Þrátt fyrir þessar vísbendingar hafa ekki farið fram mælingar á snjóalögum á svæðinu.

Aðrir valkostir varðandi vegstæði

[...] Í greinargerð Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram það álit að sterk rök þurfi til að réttlæta það að leggja nýjan veg yfir nær óraskað og vel gróið land á Vatnaheiðarleið þegar til staðar er vegur um Kerlingarskarð sem hefur sett sín mörk á umhverfið. Telja megi víst að uppbygging vegar yfir Kerlingarskarð hafi mun minni áhrif á lífríki (fugla og gróður) en vegur um Dufgusdal. Það velti að vísu á þeirri leið sem valin verður um skarðið en allt að helmingur leiðarinnar liggur um lítt eða illa gróið svæði þar sem fátt er um fugla. Hins vegar er samamburður við hugsanlegar endurbætur á núverandi vegi um Kerlingarskarð erfiður vegna þess að litlar upplýsingar eru til um náttúrufar á því svæði og þá einna helst um fuglalíf.

Það er mat Náttúruverndar ríkisins miðað við fyrirliggjandi gögn að æskilegast sé út frá náttúruverndarsjónarmiðum að lagfæra núverandi veg yfir Kerlingarskarð. Stofnunin telur að kanna beri hvort ekki megi lagfæra leiðina um Kerlingarskarð enn frekar t.d. með byggingu vegskála. Þá beri að athuga með breytingu á vegamótum Snæfellsnesvegur en í frummatsskýrslu kemur fram að vegarkafllinn frá Neðri-Sneið að Snæfellsnesvegi hafi reynst erfiður, einkum þyngri vörubílum sem farið hafi fram af vegamótum Snæfellsnesvegur og oltið þar. Samkvæmt tillögum um endurbætur á Kerlingarskarðsvegi er ennþá gert ráð fyrir T-vegamótum sem eflaust eiga sinn þátt í erfiðleikum flutningabíla. Náttúruvernd ríkisins leggur til að athugað verði með breytingu á gatnamótunum í þá átt að auðvelda aðkomu flutningabíla að Snæfellsnesvegi.

Náttúruvernd ríkisins telur að fyrirhugaður vegur yfir Vatnaheiði muni raska merkur náttúruminum og að ekki sé hægt að fallast á framkvæmdina vegna þeirra neikvæðu umhverfisáhrifa sem hún mun hafa í för með sér. “

Leitað var umsagnar **Ferðamálaráðs Íslands** með bréfi, dags. 7. apríl 1999 og barst umsögn með bréfi, dags. 29. apríl 1999. Þar segir m.a.:

„Undirritaður sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir aðrar en þær að þess sé gætt að athugasemdir Náttúruverndar ríkisins verði teknar til greina þannig að umhverfisröskun verði eins lítil og kostur er.

Ég tel að gera megi ráð fyrir að með bættum samgöngum milli norður- og suðurhluta svæðisins batni samkeppnisstaða þess til móttöku ferðamanna, ekki síst á jaðartímum. Þá mun vegurinn auðvelda aðgengi að fallegu svæði sem er tilvalið til útivistar. Í sambandi við það væri athugandi að á nokkrum stöðum á leiðinni, við Baulárvallavatn og Hraunsfjarðarvatn og hugsanlega á fleiri stöðum, verði komið fyrir útskotum þar sem hægt er að stöðva bíla. Einnig er mikilvægt að gera ráðstafanir til að þverun vegarins á fjölfarinni reiðleið hafi sem minnsta truflun í för með sér fyrir þá er þar eiga leið um ríðandi. Athugandi er að sú reiðleið verði með einhverju móti tengd gamla veginum um Kerlingarskarð þannig að þar myndist samfelld reiðleið milli norður- og suðurhluta svæðisins.“

Leitað var umsagnar **Landgræðslu ríkisins** með bréfi, dags. 7. apríl 1999 og barst umsögn með bréfi, dags. 26. apríl 1999. Þar segir m.a.:

*„Í frumatskýrslu um áhrif vegar yfir Vatnaheiði kemur fram að veglínan liggur að stórum hluta yfir vel gróið svæði og mýrlendi. Landgræðslan gerir ekki athugasemdir eða tillögu um breytta veglínu en tekur undir álit skýrsluhöfundar að svonefndur flotvegur yfir mýrlendi rýrir það mun minna gróðurfarslega heldur en við þurrkun. Gróðurrask mun hins vegar verða allverulegt og brýnt að ganga þar frá á faglegan hátt. Loka verður námum og vegskerðingum strax með áburðargjöf og sáðgrösom, sem smám saman víkja fyrir náttúrulegum gróðri á svæðinu. Þá verður að haga áburðargjöf þannig að hún flýti sem mest fyrir að náttúrulegur gróður verði ríkjandi. Brýnt er að árangur uppgræðslunnar verði metinn, t.d. eftir fimm ár.*

*Landgræðslan bendir á, að fyrirhugaður vegur liggur gegnum sumarhaga sauðfjár og verður því væntanlega girtur. Brýnt er að sjá til þess að sauðfé lokist ekki af þegar það leitar niður síðla sumars eða í sumarkuldum því það getur valdið of miklu álagi á afmörkuð landsvæði. Slíkt má leysa t.d. með því að hafa undirgöng þar sem féð er vant að fara.*

*Miðað við gróðurfar og kort af svæðinu má búast við að snjóþyngsli geti orðið mikil á afmörkuðum svæðum, sérstaklega á milli stöðva 7500 og 8500 sem og 14000 og 14500. Því er rétt að huga að því hvernig skafrenningur verði stöðvaður. Æskilegasta lausnin í því efni er að koma upp skóg- eða kjarrlendi sem stöðvar snjó allnokkru áður en hann fer á veginn. Þá þarf að huga strax að friðun vegsvæðisins fyrir búfé.*

*[...] Landgræðslan lýsir sig reiðubúna til samráðs og samvinnu við framkvæmdaðila um uppgræðslu svæðisins.*

*Að öðru leyti telur undirritaður f.h. Landgræðslu ríkisins að matsskýrslan geri nægjanlega grein fyrir umhverfisáhrifum á þeim þáttum er okkur varðar og mótvægisáðgerðum.“*

Leitað var umsagnar **veiðimálastjóra** með bréfi, dags. 7. apríl 1999 og barst umsögn með bréfi, dags. 29. apríl 1999. Þar segir m.a.:

*„Ef frá er talin þverun Köldukvíslar, sem er ein af þverám Straumfjarðarár, verður ekki séð að þessar framkvæmdir hafi áhrif á lífríki í ám og vötnum á þessu svæði til lengri tíma litið. Hins vegar gætu orðið tímabundin áhrif á svæðinu á framkvæmdatímanum, ef ekki er varlega farið, vegna mikillar nálægðar við vatnasvið Straumfjarðarár.*

*Mikilvægt er að brýr eða ræsi sem sett verða í farveg Köldukvíslar verði fær fyrir fisk af öllum stærðum, eins og fram kemur í ráðgjöf sérfræðings Vesturlandsdeildar Veiðimálastofnunar til Vegagerðar ríkisins í Borgarnesi. Einnig er nauðsynlegt að koma í veg fyrir óeðlilegan moldar- og leirburð í Köldukvísl og Straumfjarðará á veiðitíma en á því virðist nokkur hættu, einkum í rigningartíð, ef jarðvegsvinna er unnin á tímabilinu júlí-september. Best væri því að uppbygging vegarins í næsta nágrenni á ný yrði framkvæmd utan þess tíma.*

*Að öðru leyti gerir undirritaður ekki athugasemdir við fyrirhugaða vegalagningu.“*



Leitað var umsagnar **Þjóðminjasafns Íslands** með bréfi, dags. 7. apríl 1999 og barst umsögn með bréfi, dags. 29. apríl 1999. Þar segir m.a.:

*„Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur gerði úttekt á svæðinu, m.a. með vettvangsferð og komst að þeirri niðurstöðu að fyrirhugað vegarstæði muni ekki raska fornminjum [...] Þjóðminjasafn Íslands hefur því engar athugasemdir við ofangreindar framkvæmdir.*

*Finnist áður ókunnar fornleifar ber að gera Þjóðminjasafninu viðvart svo fljótt sem unnt er og stöðva framkvæmd uns fenginn er úrskurður fornleifanefndar um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum sbr. 20. gr. þjml. nr. 88/1989.“*

### 3. ATHUGASEMDIR

Athugasemd barst frá **Páli Gíslasyni**, Stykkishólmi, dags. 11. maí 1999. Þar stendur m.a.:

*„Við fyrirhugaðan veg um Vatnaheiði eru þrjú fjallavötn Baulárvallavatn, Hraunsfjarðarvatn og Selvallavatn. Þetta eru einu fjallavötnin á Snæfellsnesi og í dag ríkir þar sá friður og kyrrð sem æ fleiri jarðarbúar hafa lært að meta og njóta á síðari árum. [...] Ég tel ekki ásættanlegt að spilla þessum náttúruperlum og ósnortnu umhverfi þeirra með vegi sem af stafar bæði hljóð-, sjón- og loftmengun, auk jarðrasks og ósannað er að verði snjóléttari en vegur um Kerlingarskarð. [...]*

*Þar sem vatnsagi er og landhalli hljóta [fljótandi] vegir að stífla eðlilega framrás jarðvatns sem þá þyrfti að hleypa í gegn með ræsum. Við það myndast lækir og land þornar neðan vegar [...] ofan Selvallavatns er jarðvegur sendinn [...] og veruleg hættu er á rofi vegna vatns og vinda. [...]*

*Á Kerlingarskarði er um ca 17 km kafla að ræða sem ekki er með bundnu slitlagi og [...] gerður úr óburðarhæfu efni á köflum. [...] Í bleytutíð og þegar klaki er að fara úr jörðu verða vegkantar linir og má lítið útaf bregða til að óhöpp verði. [...]*

*Veðurfarsrannsóknir [...] spanna að mínu álita alltof stuttan tíma [...] auk þess vantar upplýsingar og samanburð um snjósöfnun og skyggni í slæmum vetrarverðum. [...] Snjósöfnun er langmest undir suð-vesturhlíðum svo sem í Dufgusdal og víðar.“*

Bent er á að þegar fjallað er um skipulagsmál s.s. veg yfir Vatnaheiði, þurfi að skoða hlutina í stærra samhengi, t.d. veg yfir Kolgrafarfjörð og jarðgöng úr Kolgrafarfirði undir Slitvindastaðaskarð.

Athugasemd barst frá **Katrínu Ævarsdóttur og Ástþóri Jóhannssyni**, ábúendum að Dal, dags. 12. maí 1999. Þar stendur m.a.:

*„Við mótmælum fyrirhugaðri vegalagningu um Vatnaheiði þar sem framkvæmdin muni rýra landgæði jarðar okkar og afkomumöguleika. Með því er átt við að dýrmætt jarðnæði í Dufgusdal og norður af honum hverfur af stórum hluta undir vegstæðið. Auk skerðingar á einu besta sumarstarfandi Dals og annarra bæja í nágrenninu mun fyrirhugaður vegur takmarka möguleika á að nytja silungasvæði í efri hluta Straumfjarðarár. En einnig teljum við að framkvæmdin muni rýra hverja*

*aðra möguleika til afþreyingar eða ræktunar sem landið býður upp á og tengist aðstöðu okkar í Dal, því vegurinn nánast klífur allt heimalandið í tvennt eftir endilangri miðju þess.*

*Og síðast en ekki síst teljum við að með þessari framkvæmd glatast sameiginleg auðævi sveitarinnar og íbúa svæðisins. Auðævi sem felast í því að halda náttúruperlum í kringum Vatnaheiðina óskertum í framtíðinni.“*

Athugasemd barst frá **Gunnari Gunnarssyni**, Stykkishólmi, dags. 6. maí 1999. Þar stendur m.a.:

*„Ég hef búið í Stykkishólmi í 12 ár og hef því oft farið yfir Kerlingarskarð ýmissa erinda. Tvisvar hef ég tekið þá ákvörðun að fara Heydalsveg vegna veðurs í skarðinu á þessum 12 árum og segir það mér mikið um þennan veg, því oftar hefur verið ófært undir Hafnarfjalli og á Kjalarnesi og þó liggja þeir vegir rétt við sjávarmál. [...]*

*Fá vötn á landinu sem ekki eru hærra yfir sjávarmáli en Baulárvallavatn og Hraunsfjarðarvatn eru með jafn ósnortið umhverfi, óflekkað með skurðum og beitarhólfum sem gjarnan er við sambærileg vötn. Kvosin sem vötnin liggja í er fágæt í friðsæld sinni og óviðjafnalegri fegurð [...]. Að leggja nýjan veg, örfáa kílómetra frá vegi sem hægt er að endurbyggja að hluta og lagfæra, yfir landsvæði sem býr yfir jafn fágætum náttúruperlum og Vatnaheiðin býr yfir [...] ber vott um [...] virðingarleysi fyrir óspilltri náttúru.*

*Rökin fyrir því að þessi nýi vegur verði það mikil vegabót að fórna megi slíkum náttúrarfi eru mjög á veikum grunni byggð. Staðreyndin að vegastæðið liggur lægra en vegur yfir Kerlingarskarð er það eina sem tönn er á festandi. [...] Ég þekki vel til snjóalaga á Vatnaheiðinni [...] og get fullyrt að þar verði ekki síður ófært en á þeim vegi sem nú er í Skarðinu.“*

*Veðurmælingar eru ekki marktækar, ekki er mældur skafrenningur og snjóalög sem kunnugir telja veruleg á þessum slóðum. Samt sem áður hafa veðurmælingar sýnt að veður eru mun vályndari á Vatnaheiði en á Kerlingarskarði og eru alls ekki forsenda fyrir að velja Vatnaheiði sem vegastæði.*

*Með ekki marktækari rök fyrir nauðsyn lagningu nýs vegar yfir Vatnaheiði og enga tryggingu fyrir mikið bættari vegabót en hægt er að fá með endurhönnun vegar yfir Kerlingarskarð þá mótmæli ég harðlega að ráðist verði í þessa nýju vegagerð með allri þeirri náttúrspillingu sem slík framkvæmd hefur í för með sér. Í allri þeirri umræðu um náttúruvernd sem nú er, þá telst þessi framkvæmd illa undirbúin tímaskökkja.“*

Athugasemd barst frá **Náttúruverndarsamtökum Íslands**, dags. 14. maí 1999. Þar segir m.a.:

*„Athugasemdirnar snúast annars vegar um verndargildi svæðisins á Vatnaheiði og hins vegar um veltæknileg atriði.*

*I. Verndargildi Vatnaheiði.*

*Náttúruverndarsamtökin telja að náttúru- og útivistargildi svæðisins [...] séu stórlega vanmetin í frummatsskýrslunni. [...] Svæðið hefur á að skipa þremur af helstu náttúruverndarslegum gæðum Íslands sem í seinni tíð hafa fengið mikla umfjöllun og sífellt meira vægi í opinberri stefnumótun og löggjöf á sviði*

náttúruverndar og umhverfismála:

1. ósnortin og lítt snortin landsvæði
2. votlendi og tilheyrandi lífríki
3. jarðfræðileg sérstaða Íslands á lands- og heimsvísu, einkum fágætar, athyglisverðar jarðmyndanir frá nútíma.

Mikilvægi þess að hlífa náttúrugæðum af þessu tagi og vernda þau fer sífellt vaxandi. Um er að ræða náttúrugæði sem jafnan verða ekki endurheimt [...].

Allt svæðið sem vegstæði um Vatnaheiði liggur um flokkast sem ósnortið og lítt snortið landsvæði. Vatnaheiði er eina umtalsverða svæðið á Snæfellsnesi sem enn er eftir nær ósnortið af mannvirkjum. Einnig er vert að benda á að óspillt, gróskumikið votlendi er mest áberandi gerð vistkerfis á stærstum sunnanverðum hluta vegstæðis [...] um 40% af heildarvegalengd nýja vegstæðisins (16,5 km). Mestur hluti alls svæðisins telst vel gróinn og algróinn að miklu leyti og eru votlendi og kvistlendi ráðandi gróðursamfélög ásamt mosapembu.

Ennfremur skal bent á að vegstæði A [yfir Vatnaheiði] liggur að töluverðu leyti um svæði á Náttúruminjaskrá nr. 227. [...], sker ekki einungis hluta af Berserkjahrauni, heldur liggur hann einnig meðfram og innan náttúruminjasvæðisins við Baulárvallavatn og Selvallavatn. [...]

Í ljósi framangreindra atriða telja Náttúruverndarsamtök Íslands augljóst að með tilkomu eins áberandi mannvirkis og uppbyggðrar hraðbrautar ásamt tilheyrandi hávaða- og sjónmengun þjótandi bifreiða muni náttúrulegri ásýnd landslagsins og heiðanna ró stórlega spillast og náttúrufarslegum gæðum hnigna. Nálægð vegarins við Straumfjarðará og veiðivötnin, Baulárvallavatn og Selvallavatn, mun rýra útivistargildi þeirra verulega. Engum blöðum er um það að fletta að vinsældir þessara staða í dag byggjast á náttúrulegu umhverfi þeirra, fjölbreyttum og fagursköpuðum landslagsformum, grónu umhverfi og síðast en ekki síst, afdrepi frá ys og þys tæknisamfélagsins. Með veg um Vatnaheiði verða þessi eftirsóttu náttúrugæði að engu gerð.

Ofangreint álit styðja Náttúruverndarsamtökin frekar með eftirfarandi:

A. Fyrirhugað vegstæði um Vatnaheiði samræmist illa ákvæðum í 37. gr. náttúruverndalaga (nr. 44/1999) [...]. Lögin taka gildi 1. júlí nk. og er edlileg krafa að hönnun framkvæmdar á vegi nr. 56 miðist í öllum atriðum við þau lög.

B. Fyrirhugað vegstæði um Vatnaheiði samræmist illa stefnuskrá Náttúruverndar ríkisins um verndun einstæðra jarðmyndana og landslags. [...]

C. Fyrirhugað vegstæði A um Vatnaheiði samræmist illa samþykkttri stefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar um umgengni á ósnortnum landsvæðum. [...] Það er mat Náttúruverndarsamtakanna að þótt Vatnaheiði flokkist ekki sem hálandisviðerni er svæðið engu að síður víðfeðmt og ósnortið og einn helsti kostur þess er einmitt að það telst til láglendis og er mjög aðgengilegt eins og nú háttar með vegakerfi á svæðinu. Svæðið virðist ennfremur falla vel undir skilgreiningu náttúruverndarlaga á hugtakinu „ósnortið víðerni“. [...]

Mikilvægi þess að huga að heildstæðri vernd landsvæða, landslagsvernd, er skýrt áréttað með tilkomu 37. gr. í nýju náttúruverndarlögunum. Sú lagagrein á að mati Náttúruverndarsamtakanna að hamla gegn spjöllum sem felast t.d. í því að leggja hraðbraut miðja vegu milli Gráukúlu og Rauðukúlu. Gígarnir teljast til

sérstæðustu og athyglisverðustu jarðmyndana landsins, einstaklega fagursköpuð náttúrufrýrnbæri sem best njóta sín í náttúrulegu landslagi fjarri mannanna verkum.

D. Fyrirhugað vegstæði A um Vatnaheiði samræmist illa samþykktri stefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar varðandi atriði sem snerta líffræðilega fjölbreytni. [...]

Með lagningu vegar um Vatnaheiði sé óviðunandi áhætta tekin gagnvart líffræðilegri fjölbreytni á Íslandi, sér í lagi hvað snertir straumandarvarpið, en stofn þessa amerísk-íslenska fugls telur ekki nema 2.000-3.000 pör hér á landi og er hann áætlaður stöðugur eða í hægum uppvexti. [...] Vegstæðið meðfram Straumfjarðará er víða töluvert innan við 200 m frá ánni og er ekki aðeins hætt við truflun yfir varptíma vegna umferðar heldur allan tímann sem vatnafuglar eru á svæðinu. Samtökin telja að með vegalagninu um Vatnaheiði sé líklega gengið gegn verndaryfirlýsingum Íslendinga í Ríó-samþykktinni 1992 um Líffræðilega fjölbreytni (Grein 7).

E. Fyrirhugað vegstæði um Vatnaheiði samræmist illa samþykktri stefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar hvað varðar aðgang fólks að viðkvæmum landssvæðum. [...]

Náttúruverndarsamtökin telja að í frummatsskýrslunni sé ófullnægjandi greining á útvistaráhrifum nýs vegar um Vatnaheiði. Samtökin telja m.a. að skoða þurfi gaumgæfilega þá fullyrðingu að: „Vegur um Vatnaheiðina mun auðvelda aðgang að svæðinu og opna það frekar fyrir útivist.“ Hér er ekki spáð í umhverfisáhrif vegarins og þær eðlisbreytingar sem verða á náttúru svæðisins, né er hugað að vistfræðilegu þoli svæða með auknum ágangi ferðafólks. Þá er því haldið fram að: „Vegurinn ætti ekki að draga úr fjölda þeirra sem nýta sér svæðið til stangveiða, hestaferða, snjósleðaferða og gönguferða.“ (Kafli 4.2). Samtökin telja hins vegar að þessu sé þveröfugt farið. [...]

## II. Vegtæknileg atriði.

[...] Samtökin draga í efa forsendur að baki staðhæfinga um að nýr vegur um Vatnaheiði muni auka umferðaröryggi og bæta samgöngur umfram endurbætta leið B um Kerlingarskarð. [...] Þetta mat er byggt á of ótryggum veðurfarsupplýsingum og að sum veðurfarsatriði eru ekki tekin með í reikninginn.

Benda má á eftirfarandi:

1. Ekki er gert ráð fyrir verra skyggni á leið A og takmörkunar á umferð vegna líkinda á meira snjókófi á láglandi en uppi á leið B. Snjókóf leikur stórt hlutverk í tengslum við slysatíðni.

2. Ekki virðist gert ráð fyrir takmörkunum á umferð vegna meiri snjósöfnunar á leið A en B (eins og heimildir vitna um, sérstaklega í Dufgusdal og undir Skuggahlíð, sbr. Kafla 6.10). Né virðist gert ráð fyrir hærri kostnaði við snjómokstur vegna þessa á leið A.

3. Tíðni vindhviða sem taldar eru líklegar að valda usla og takmarka umferð virðast mjög áþekkar á báðum leiðum, jafnvel meiri á leið A (Kafli 6.12). Ekki er gert tölfræðilegt marktæknipróf á leiðunum, en slíkt þyrfti að gera. Ef enginn marktækur munur er á leiðunum hvað vindhviður varðar má gera ráð fyrir að báðar leiðirnar sé jafn oft takmarkaðar eða lokaðar vegna þessa atriðis.

4. Ekki virðist gert ráð fyrir hærri slysatíðni á leið A vegna hærri umferðarhraða þar en á leið B (90 km/klst á móti 70 km/klst). Benda má einnig á að tíðni alvarlegra slysa eykst með hækkandi ökuhraða. Þetta atriði virðist ekki tekið með í arðsemisútreikninga.

5. Ekki virðist gert ráð fyrir auknum viðhaldskostnaði í arðsemismati á leið A vegna vandamála af völdum vatns á votlendisflákunum sem vegurinn liggur um að verulegu leyti.

Varðandi mótvægisatriði telja Náttúruverndarsamtökin brýnt að hugað sé að þeim möguleika að víkja frá 70 km hönnunarhraða sem lágmark eins og frummatsskýrslan virðist bundin við. [...]

Í samanburði í frummatsskýrslunni sem snerta umferðaröryggi (kafla 5.3.1.) er fjórum þáttum fyrir hvora leið gefin einkunn (Tafla 5.5.). Forsendum einkunnagjafarinnar er ekki lýst. Hér virðist vera um nýjung að ræða í frummatsskýrslu og telja Náttúruverndarsamtökin nauðsynlegt og eðlilegt að aðferðin sé útskýrð sérstaklega, einkum vegna þess að skýrsluhöfundar nota hana mikið til að hampa meintu ágæti nýju leiðarinnar. Ekki er vitað hvort slík einkunnagjöf byggist á viðurkenndum alþjóðastaðli eða hvort um sérstaka uppfinningu sé að ræða vegna þessarar tilteknu framkvæmdar. Ekki er ljóst hvort tekið sé tillit til mismunandi hönnunarhraða leiðanna tveggja í einkunnagjöfinni. Það skiptir t.d. máli hversu hratt er ekið þegar spáð er í umferðaröryggi m.t.t. sjónlengdar. Ekki er skýrt út hvernig umferðaröryggi tengist hæð vegar yfir sjávarmáli.

### III. Önnur atriði.

Náttúruverndarsamtök Íslands benda á að hvergi í fylgigögnum frummatsskýrslunnar er að finna álitserð frá náttúruverndarnefnd viðkomandi sveitarfélaga um þessa fyrirhuguðu framkvæmd. Samtökin telja því að um stjórnsýslulegan vankant sé að ræða á framkvæmdinni. [...]

### IV. Niðurlag.

Að mati Náttúruverndarsamtaka Íslands er ekki að hægt fallast á nýjan veg um Vatnaheiði vegna verulegra óæskilegra umhverfisáhrifa sem vegurinn og tilheyrandi umferð mun hafa á þetta friðsæla, vel gróna og fallega svæði. Svæðið hefur mjög hátt náttúruverndargildi á landsvísu og í víðara samhengi. Þar kemur einkum til að landsvæðið er nær ósnortið, lífríki gróskumikið, jafnt gróður sem dýralíf, og einstakar jarðmyndanir prýða norðuhlutann. Svæðið er aðgengilegt og vinsælt í dag til ýmiss konar útivistar. Þá telja Náttúruverndarsamtökin að meintur vegtæknilegur ávinningur nýs vegar um Vatnaheiði sé mjög umdeilanlegur og vafa undirorpinn sem rannsaka þurfi betur. Náttúruverndarsamtökin telja Kost B [um Kerlingarskarð] vænlegastan en að hugað verði að fleiri útfærslum á veghönnun þeirrar leiðar, einkanlega að norðanverðu þar sem helstu samgönguvandamál núverandi vegar eru. Samtökin telja það óásættanlegt að fórna dýrmætum náttúrugæðum á Vatnaheiði vegna farartálma sem upp kemur endrum og sinnum á mjög takmörkuðum vegkafla og það fyrst og fremst á veturna.“

Athugasemd barst frá **Guðmundi P. Ólafssyni**, dags. 14. maí 1999. Þar segir m.a.:

„Vegagerð ríkisins leitar nú leiða til þess að bæta vegakerfið á norðanverðu Snæfellsnesi. Tvímælalaust er það bæði nauðsynlegt og sjálfsagt. Lagt er til að

leggja veg um Berserkjahraun og Vatnaheiði, eina dalinn á Snæfellsnesi sem er svo að segja ósnortinn.

Á Vegagerðinni hvílir mikil ábyrgð. Hún á að byggja vegi sem eru hagkvæmir, þægilegir, falla að landslagi og eru í samræmi við veðursæld og sem minnst snjóalög bæði vegna umferðaröryggis og til að forðast kostnaðarsamt viðhald. Ekki síst verður að hafa í huga að náttúruminum verði ekki spillt og landslags- og gróðurfarsheildir fái að njóta sín.

Margs er að gæta og því er ástæða að skoða hvað það er sem Vatnaheiðin býr yfir sem er slík allsherjarlausn til framtíðar. [...] Á kynningarfundum [...] stakk það mig strax að engin heildarlausn á vegakerfinu á norðanverðu Snæfellsnesi var kynnt. Ekki var boðið upp á neina heilsteypa framtíðarsýn heldur aðeins þennan bít [...] um veg í ósnortnum dal – eiginlega sem tilraun vegna þess að rannsóknir til dæmis á snjóalögum eru marklausar svo skamman tíma hafa þær verið í gangi, veðurmælingar eru líka afar takmarkaðar jafnvel þótt þær hafi gefið þær vísbendingar að veður eru verri ef eitthvað er á Vatnaheiði heldur en á Kerlingarskarði. [...]

Hvers vegna er ekki hægt að leggja fé í það að sníða heildarsýn sem tekur mið af náttúruverðmætum og aðstæðum sem svo er hægt að vinna eftir þótt það taki nokkur ár, jafnvel áratug, en gera hlutina rétt; gera þá faglega í stað þess að koma með skyndilausnir. [...]

Berserkjahraun og umhverfi sé á Náttúruminjasrá [...] votlendi Íslands sé í heild sinni ógnað. Rétt þykir að benda á 37. gr. laga um náttúruvernd í þessu samhengi. En ekkert bendir til að aðvörun löggjafans vegi nokkuð í umhverfismatinu. [...] Nauðsynlegt er að hafa í huga að gildi þessa landslags, bæði hraunlandslagsins og heiðarinnar verður mikilvægara eftir því sem tímar líða fyrir útivistarfólk, jafnvel ferðapjónustu allt árið um kring og þá ekki síður vistkerfisins; svæði er varðveittir staðbundinn gróður landsins.“

Snjóþungt er þarna langt umfram það sem er á Kerlingarskarði þótt skarðið sé snöggtum hærra. Þetta sanna aðalbláberjalyng og finnundur svo ekki verður um villst, en þær tegundir eru dæmigerður snjóaldagróður og snjóalög kalla á viðhaldskostnað. [...] Sá langtíma kostnaður er ekki tekinn inn í reikningsdæmið og vanþekking á skafrenningi, kófi svo og öðru dimmviðri á heiðinni, allt þættir sem auka slyshættu, leiðir til þeirrar ályktunar að umferðaröryggi á Vatnaheiði [...] er getspá. [...]

Á Vatnaheiði hafa fundist afar sjaldgæfar plöntur svo sem skollakambur og mosategundir tvær, auk sóldaggar. [...] Íslendingar eru aðilar að alþjóðasamningum um fjölbreytileika tegunda og sjaldgæf tegund, eða tegund sem fer fækkandi getur verið í hættu, jafnvel útrýmingu. Fágæti tegundar er alvarleg aðvörun því hver tegund er auðlind sem ekki má eyða. Hún er mikilvægur hlekkur í hverju vistkerfi sem gerir það öflugra en án hennar. [...] Hér þarf líka að benda á auðugt fuglalíf, ekki síst straumönd en líka óvenjulegan þéttleika varps bæði hjá nokkrum mófuglum og spörfuglum. [...] Arnarhreiður var á þessum slóðum og með vissu er haförn ennþá að leita að friðsælum reit eftir nýja veginn um hraunið. Eina ráðið er að láta heiðina og hraunið í friði.

Vatnaheiðin er hluti af stærri heild votlendissvæða sem bæði jurtir og fuglar eru hluti af svo og silungur í vötnunum. Hún varðveittir erfðabanka í víðum skilningi.

*Hann er fólgin bæði í staðbundnum gróðurlendum og fágætum plöntum. Heiðin býr yfir óvenjulegu landslagi og líka landslagi sem var dæmigert á landinu en verður æ sjaldséðari. Og Vatnaheiðin varðveitir kyrrðina sem er þegar fágæt á láglandi Íslands. [...]*

*Umræðu um vegagerð á Vatnaheiði hafa opinber yfirvöld á Snæfellsnesi ekki sinnt sem skyldi. VSÓ ráðgjöf segir að vegur um Vatnaheiði falli að stefnumótun sveitafélaga á Snæfellsnesi. Ekki er það dregið í efa en í þessu samhengi verður að benda á að náttúruverndarnefndir sveitafélaganna hafa ekki fjallað um málið og er þeim málið þó harla skylt sem ráðgjafar sveitafélaga. [...] Ég deili á vinnubrögð í öllu þessu máli, ýja alls ekki að æru fólks, miklu heldur landlægt virðingar- og kæruleysi gagnvart umhverfinu sem sveitastjórnarmenn um allt land verða að taka á. [...]*

*Verði Vatnaheiðin kosin til vegagerðar í stað þess að skoða aðra valkosti mun langdýrasta leiðin valin, því mesta náttúrufórnin er fólgin í því að spilla sérstæðu umhverfi Berserkjahrauns og Vatnaheiðar þar sem heildarverðmæti náttúruminja eru á heimsvísu. [...] Er ekki kominn tími til að huga að verðmætum náttúrunnar og langri framtíðarsýn þegar vegastæði eru valin og fara að lögum? Er það ekki tilvalin aldamóttagjöf fyrir þjóðina? Þess vegna á að laga veginn um Kerlingarskarð, huga að farsælli heildarlausn á vegakerfinu á norðanverðu Snæfellsnesi og líta á þetta umhverfismat aðeins sem holla æfingu og lexíu.“*

## 4. UMHVERFISÁHRIF VEGAR NR. 56 YFIR VATNAHEIÐI Á SNÆFELLSNESI

### 4.1 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Í frummatsskýrslu er kynnt lagning nýs vegar frá vegamótum Ólafsvíkurvegar og Kerlingarskarðsvegar yfir Vatnaheiði að vegamótum við Snæfellsnesveg. Jafnframt er lagt mat á endurbætur núverandi leiðar um Kerlingarskarð og þessir tveir kostir bornir saman. Áætlað er að framkvæmdir hefjist fyrri hluta ársins 2000 og að framkvæmdum ljúki árið 2002. Vegurinn verður lagður bundnu slitlagi.

#### 4.1.1 Lega vegar

**Vegur yfir Vatnaheiði** fylgir núverandi vegi um Kerlingarskarð frá vegamótum við Ólafsvíkurveg að bænum Dal þar sem sveigt er til vesturs og upp með Straumfjarðará, yfir Köldukvísl og áfram inn Dufgusdal, um Sátudal, yfir Fossá og þaðan á flatlendi við Gráukúlu að Snæfellsnesvegi. Leiðin er 16,5 km og er áætlaður kostnaður við framkvæmdina 466 milljónir króna.

**Endurbættur vegur um Kerlingarskarð** mun að miklu leyti fylgja núverandi vegi, um Hjarðarfellsbrekkur, austur með Seljafelli, austan við Sandahrygg, um Efri-sneið, Kerlingarskarð og Neðri-sneið að vegamótum við Snæfellsnesveg. Mestu frávik frá núverandi vegi eru á leiðinni um Dalsmýri þar sem vegurinn mun sveigja í átt að Straumfjarðará og Köldukvísl og þaðan um Hjarðarfellsbrekkurnar, við Sandahrygg þar sem vegurinn mun liggja vestar en áður, við Efri-sneið og neðan við Neðri-sneið þar sem vegurinn mun lagður í mýkri beygjum. Leiðin er 17,4 km og er áætlaður kostnaður við framkvæmdina 499 milljónir króna.

#### 4.1.2 Vegtæknilegar forsendur

**Vegur yfir Vatnaheiði** mun liggja í allt að 228 m hæð yfir sjávarmáli eða um 100 m lægra en endurbættur Kerlingarskarðsvegur. Á um 3 km löngum kafla mun vegurinn liggja í yfir 200 m hæð yfir sjávarmáli.

Vegarkaflar með meira en 7% bratta eru samtals tæplega 1,3 km á lengd en hvergi er yfir 8% halli. Skert mætisjónlengd þar sem framúrakstur er hættulegur miðað við 80 km/klst er á um 0,2 km löngum kafla. Hönnunarhraði á veginum er 90 km/klst.

**Endurbættur vegur um Kerlingarskarð** mun liggja í allt að 318 m hæð yfir sjávarmáli. Á um 8,5 km löngum kafla mun vegurinn liggja í yfir 200 m hæð yfir sjávarmáli og þar af eru um 5,5 km í meira en 250 m hæð yfir sjávarmáli.

Vegarkaflar með meira en 7% bratta eru samtals tæplega 3 km á lengd og þar af er um 1 km með 8–9% bratta. Skert mætisjónlengd er á samtals um 2 km löngum kafla miðað við 80 km/klst. Hönnunarhraði á endurbættum Kerlingarskarðsvegi er 70 km/klst. Halli vegar við Snæfellsnesveg verður um 6,7%.

#### 4.1.3 Efnistaka

**Vegur yfir Vatnaheiði.** Samkvæmt frummatsskýrslu er heildarefnispörf um 514.300 m<sup>3</sup>. Um 425.000 m<sup>3</sup> verða teknir úr 5 námum en um 91.300 m<sup>3</sup> úr skeringum.

Náma A, Eiðhúsamelur er á gömlu vegsvæði Ólafsvíkurvegar á lítt grónum malarhrygg og hefur efni verið tekið þar áður. Áætlað er að taka um 60.000 m<sup>3</sup> af sandríkri mól á um 25.000 m<sup>2</sup> svæði.



Náma B er norðan veglínu rétt austan við Köldukvísl á gömlum áreyrum og á aðliggjandi jökulruðningsholti. Námusvæðið er lítið gróið. Áætlað er að taka allt að 15.000 m<sup>3</sup> af áreyrarmöl og 10.000 m<sup>3</sup> af jökulruðningi eða samtals 25.000 m<sup>3</sup> af efni á um 30.250 m<sup>2</sup> svæði. Tryggt verður að afrennsli verði af svæðinu eftir frágang.

Náma C er í grágrýtisholti og er að hluta til skering á vegsvæði. Náman nær í allt að 30 m hæð yfir veglínuna. Námusvæðið er lítt gróið uppi á holtinu en utan í því er gróður. Áætlað er að vinna um 50.000 m<sup>3</sup> af grjóti (70.000 m<sup>3</sup> af lausefnum) á um 12.000 m<sup>2</sup> svæði.

Náma D er um 400 m frá veglínunni á víðáttumiklum og lítt grónum melum. Vegarslóði liggur að námunni. Áætlað er að vinna um 130.000 m<sup>3</sup> á um 71.000 m<sup>2</sup> svæði og rippa brotabergs- og móbergsklöpp niður á um 3 m dýpi. Reynt verður að halda landslagsmyndinni sem líkasti því sem nú er með jafnri efnistöku af svæðinu.

Náma E er á nær ógrónu vikursvæði, með þykkum breiðum af vikri og gjalli. Vegsvæðið verður víkkað út um 40 m austan vegar. Áætlað er að taka um 138.000 m<sup>3</sup> af efni á um 41.300 m<sup>2</sup> svæði niður á allt að 5 m dýpi. Vestan vegar verður efnið tekið af vegsvæðinu innan 30 m frá miðlínu og er mesta efnistökuþéttleiki þeim megin 1,5 m.

**Endurbættur vegur um Kerlingarskarð.** Samkvæmt frummatsskýrslu er heildar-efnisþörf um 640.000 m<sup>3</sup> og þar af eru um 105.000 m<sup>3</sup> úr skeringum.

Náma A, Eiðhúsamelur og náma B norðan veglínu rétt austan við Köldukvísl eru hinar sömu og lýst er hér að framan og vísast til hennar.

Náma G er í holti á veglínunni við Gæshólamýri og hefur efni verið tekið þar áður. Áætluð efnistaka er um 120.000 m<sup>3</sup> af fyllingarefni á um 14.800 m<sup>2</sup> svæði.

Náma H er við Fúsaskurði og hefur efni í burðarlag verið tekið þar áður. Náman er í bögglabergi og er áætlað að taka um 80.000 m<sup>3</sup> á um 17.400 m<sup>2</sup> svæði með 1,5 m dýpkun og stækkun efnistökusvæðis.

Náma I við Hafrafell er vestan vegar í efstu brún Efri-sneiðar. Efnið í námunni er vikur eða gjall. Þessi efnistaka er m.a. vegna tilfærslu vegarins vegna dysja í nágrenni hans. Áætlað er að þarna verði teknir um 120.000 m<sup>3</sup> á um 8.000 m<sup>2</sup> svæði og þykkt á efnistökuþéttleiki verði allt að 10 m í hlíðum Hafrafells.

Náma J er á vikurflákum vestan vegar við stöð 14.700 í Kerlingarskarði. Landið er ógróið og sléttir vikursandar. Áætlað er að taka um 130.000 m<sup>3</sup> af fyllingarefni á 15.000 m<sup>2</sup> svæði.

#### 4.1.4 Aðrir kostir

**Frekari breytingar á legu vegar yfir Vatnaheiði.** Vegagerðin hefur í kjölfar álits sérfræðinga, sveitarstjórna og almennings endurhannað og lagfært staðsetningu vegarins. Ný yfirlitsmynd sýnir þá vegarkafla sem hefur verið hnikað frá veglínu í frummatsskýrslu. Veglínunni er hnikað á stórum hluta leiðarinnar en ekki umtalsvert nema nyrst. Í Dalsmýri og yfir Köldukvísl er veglínunni hnikað örlítið ofar en fram kemur í frummatsskýrslu, frá stöð 6.800 – 7.600 mun vegurinn liggja nokkru neðar og nær Straumfjarðará, en ofar frá stöð 7.600 - 9.400 og fjarlægist veglínunni vaxtarsvæði skollakambs. Veglínunni er hnikað austar frá stöð 10.500 til 11.400. Vegarstæðið er flutt talsvert frá veglínu í frummatsskýrslu milli stöðva 14.550 – 15.500 og er farið neðar í vikurbrekkunum og niður á flatirnar, nær Selvallavatni og Gráukúlu.

**Núverandi leið um Kerlingarskarð.** Á núverandi vegi eru 19 beygjur með minna en 350 m radíus, þar af eru 3 krappari en 100 m og 8 með radíus á bilinu 100 – 200. Langhalli vegar er meiri en 9% á 1,12 km og halli er 11-12,5% á 350 m. Langhalli er mestur í Efri-sneið eða 14%. Mætisjónlengd er víða mjög skert.

Þessum kosti er hafnað af hálfu Vegagerðarinnar því raunveruleg þörf er á að bæta samgöngur og auka umferðaröryggi á Snæfellsnesi.

**Jarðgöngum** úr Kolgrafarbotni undir Slitvindastaðaskarð er hafnað af hálfu Vegagerðarinnar. Kostnaður vegna jarðganga er mjög hár og koma þau ekki í stað Kerlingarskarðsvegar þar sem leiðin til og frá Stykkishólmi og nágrenni mun lengjast um 25-30 km.

## 4.2. VEÐURFAR

Stuðst er við veðurmælingar Vegagerðarinnar og Veðurstofu Íslands. Vindhraði var mældur á tveimur stöðum við Kerlingarskarðsveg. Frá annari stöðinni eru til mælingar frá því síðla árs 1996 en hin stöðin var sett upp í janúar árið 1999. Settar voru upp þrjár stöðvar á leiðinni um Vatnaheiði, ein í desember árið 1998 og tvær í janúar árið 1999. Veður hefur einnig verið athugað um árabíl á láglandi beggja vegna Sæfellsnessfjallgarðsins. Vindur var mældur í 35 óveðrum en ekki liggja fyrir samanburðarmælingar á aftakaveðrum.

Samkvæmt frummatsskýrslu gefa veðurmælingar til kynna að vindstyrkur sé að jafnaði meiri á Kerlingarskarði en á Vatnaheiði. Vindhraði í norðlægrri átt er að jafnaði heldur meiri á Kerlingarskarði en á Vatnaheiði, en í sumum tilfellum er þó hvassara á Vatnaheiði og á það t.d. við um versta norðanóveðrið. Suðlæg óveður eru lítið eitt hvassari á Vatnaheiði en Kerlingarskarði og mældust öflugust sunnanóveður á veðurathugunarstöð nyrst á Vatnaheiði. Sunnanóveður eru þó heldur verri efst á Kerlingarskarði en efst á Vatnaheiði. Á Vatnaheiði hagar svo til að vindur af norðaustri og suðvestri blæs niður fjallshlíðar og er ekki hægt að útiloka að við báðar þær aðstæður geti orðið hvassara en uppi á Kerlingarskarði.

Í frummatsskýrslu kemur fram að vindhviður eru mun hættulegri en hvass meðalvindur en mikill vindur skipti mestu máli bæði fyrir færð og öryggi. Vindhviður eru taldar heldur meiri á Kerlingarskarði en á leiðinni um Vatnaheiði. Athygli vekur að í sumum tilvikum er hvassara á Vatnaheiði og á það við um versta norðanóveðrið, 16. janúar 1999, en snarpari hviður voru þann dag á Kerlingarskarðsleið.

Samkvæmt frummatsskýrslu eru norðlægar áttir að jafnaði ákveðnari á núverandi leið en á Vatnaheiði og því má reikna með að skafrenningur sé algengari þar um slóðir. Við vissar aðstæður, og þá líklega einkum ef mjög hvasst er, getur orðið meiri vindhraði á neðri leiðinni og snjóburður því enn meiri en ofar. Heimildir eru um mikla snjósöfnun í Dufgusdal undir Skuggahlíð og af lýsingum að dæma er hún síst minni en á leiðinni um Kerlingarskarð. Í umfjöllun um veðurfar er ekki tekið tillit til mismunar á aðstæðum til snjósöfnunar vegna ólíks landslags í allra næsta nágrenni við vegarstæðin. Hiti á efstu 6 km Kerlingarskarðsleiðar er að jafnaði um hálfri gráðu lægri en efst á Vatnaheiði. Fram kemur í skýrslunni að búast má við að í heiðríkju og litlum vindi geti orðið kaldara á Vatnaheiði en uppi á Kerlingarskarði. Í óstöðugri suðvestanátt með éljum má reikna með 0,8 gráðu hitafalli á hverja 100 m.

Náttúruvernd ríkisins telur að ekki hafi verið sýnt fram á svo óyggjandi sé að vegur

yfir Vatnaheiði sé mun betri kostur í veðurfarslegu tilliti en vegur yfir Kerlingarskarð. Bent er á að veðurmælingar á Vatnaheiði hafa staðið stutt yfir og í mörgum tilfellum sé vindur hvassari á Vatnaheiði m.a. í verstu hvassviðrunum. Í frummatsskýrslu sé vakin athygli á að mikill munur er á tíðni ófærðar eftir árum. Mikilvægt sé að hafa sem flest ár til grundvallar við könnun á veðurfari af þessu tagi. Þá bendir stofnunin á að gróðurfar á Vatnaheiði bendi til þess að um snjóþungt svæði sé að ræða. Þrátt fyrir vísbendingar um mikla snjósöfnun á Vatnaheiði hafi ekki farið fram mælingar á snjóalögum á svæðinu.

Í athugasemdum Páls Gíslasonar, Gunnars Gunnarssonar og Guðmundar P. Ólafssonar er bent á að veðurathuganir spanna stuttan tíma. Upplýsingar og samanburð vanti um snjósöfnun og skyggni í slæmum vetrarveðrum. Snjósöfnun sé mest undir suðvesturhlíðum svo sem í Dufgusdal og víðar. Guðmundur P. Ólafsson og Gunnar Gunnarsson telja að veðurmælingar sýni að veður eru vályndari á Vatnaheiði en á Kerlingarskarði og eru ekki forsenda fyrir að velja Vatnaheiði sem vegarstæði.

Náttúruverndarsamtök Íslands benda á að ekki er gert ráð fyrir verra skyggni á Vatnaheiði og takmörkun á umferð þrátt fyrir líkur á meira snjókófi á láglendi og meiri snjósöfnun á Vatnaheiði en á Kerlingarskarði. Tíðni vindhviða sem eru líklegar til að valda usla og takmarka umferð sé áþekk á báðum leiðum og jafnvel meiri á Vatnaheiði.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að veðurrannsóknirnar sýni að veður muni valda minni röskun á samgöngum á leið um Vatnaheiði og að vel hafi verið staðið að veðurrannsóknum. Tíðni mismunandi veðurátta í 35 óveðrum á tímabilinu 18. desember 1998 – 23. febrúar 1999 sé í grófum dráttum í samræmi við hlutfallslega tíðni óveðra eins og sést á vindrósum frá nærliggjandi stöðvum. Ávallt er fólgin nokkur óvissa í því þegar meta á veður og vind einkum vegna óreglulegs landslags. Bent er á að mælistaðir á Vatnaheiði hafi verið valdir til að fá sem mestan vind við mismunandi aðstæður, en slíkt á einungis við um aðra af veðurstöðvunum á Kerlingarskarði. Af þeim orsökum er mismunur á þessum tveimur leiðum að líkindum varlega áætlaður.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að það er fyrst og fremst vindhraði sem hefur áhrif á skafrenning og kóf, að því gefnu að nægilegur snjór sé til staðar. Á meðan nægur snjór er til staðar á báðum vegarstæðum og veðurmælingar benda til þess að vindstyrkur og vindhviður séu meiri á Kerlingarskarði, er ekki ástæða til að ætla að skafrenningur og kóf verði meiri á vegi um Vatnaheiði. Ekki var talið að sérstakar snjómælingar á fyrirhuguðu vegarstæði gæfu mikilvægari upplýsingar en snjósكوðunarferðir sýna. Niðurstöður snjósكوðunarferða um Dufgusdal og um Vatnaheiði 1986 – 1989 gáfu til kynna að búast mætti við snjósöfnun efst í Dufgusdal þar sem náma C er fyrirhuguð og sunnan Sátu. Efnistaka á námusvæðinu muni draga verulega úr snjósöfnun ásamt færslu á veglínu við Sátu. Munnlegar upplýsingar um snjósöfnun í Dufgusdal eigi við um raflínu er liggi fjarri fyrirhugaðri veglínu. Vegurinn verður nokkuð hár og muni snjó skafa yfir hann í meðalárferði. Verði snjósöfnun á þessu svæði er vakin athygli á því að svæðið er á láglendi og því allt aðrar aðstæður við snjómokstur en í fjalllendi.

### 4.3 ÁHRIF Á MENN OG SAMFÉLAG

Samkvæmt frummatsskýrslu mun umferðaröryggi og samgöngur batna verulega með nýjum vegi yfir Vatnaheiði í samanburði við endurbyggðan veg um Kerlingarskarð.

#### 4.3.1 Samgöngur

Samkvæmt frummatsskýrslu fóru að meðaltali um 225 bílar á sólarhring um Kerlingarskarð árið 1998. Gert er ráð fyrir að árdagsumferð verði um 255 – 310 bílar á sólarhring árið 2018.

Samkvæmt frummatsskýrslu má ætla að fjöldi daga þegar ófært eða þungfært er á leiðinni um Vatnaheiði séu um 85% af því sem gerist á Kerlingarskarðsvegi, eða 113 dagar í stað 133 daga miðað við meðaltal 5 ára (1993 – 1997). Samkvæmt þessu er þungfært eða ófært 27 daga á ári á Kerlingarskarði en áætlað að þungfært eða ófært verði allt að 23 daga á ári á Vatnaheiði. Með vegi um Vatnaheiði muni þungfærðar- eða ófærðardögum fækka að meðaltali um 4 daga á ári. Með hliðsjón af hitafari megi gera ráð fyrir að fjöldi ófærðar- og torfærðardaga á Vatnaheiðarleið verði um 73% af því sem er á núverandi leið um Kerlingarskarð. Ekki er þá tekið tillit til mismunar á aðstæðum til snjósöfnunar vegna ólíks landslags í allra næsta nágrenni við vegarstæðin. Gæti þar verið um að ræða upphækkun vegar eða lækkun lands við stórt aðsópssvæði eins og t.d. ofarlega í Dufgusdal. Slíkir þættir gætu hugsanlega vegið hvorn annan upp.

Samkvæmt frummatsskýrslu og svörum Vegagerðarinnar hefur núverandi vegur um Kerlingarskarð, sem er gamall malarvegur, háa slysatíðni. Alls urðu 22 slys og óhöpp þar frá árunum 1991 til 1995 og er meðaltalsslysatíðni 1991-1995 fyrir hverja milljón ekna kílómetra, 2,71 slys á ári, en meðaltal Vesturlandsumdæmis er um 1,35. Lítið skal til þess að meðaltal Vesturlandsumdæmis byggist á 300 bílum á sólahring en óhappa og slysatíðni er yfirleitt eitthvað hærri við litla umferð. Töluverð dreifing var á staðsetningu slysa á veglínunni. Há slysatíðni tengist fyrst og fremst vegtæknilegum þáttum og ræður þar mestu samspil beygja, veghalla og stuttra sjónlengda.

Samkvæmt frummatsskýrslu og svörum Vegagerðarinnar benda útreikningar á hönnunarþáttum til þess að vegur um Vatnaheiði verði a.m.k. 50% öruggari en endurbættur Kerlingarskarðsvegur. Ekki var gerður nákvæmur samanburður á umferðaröryggi endurbætts Kerlingarskarðsvegar og núverandi vegar en skoðun á vegtæknilegum þáttum leiddi í ljós að endurbættur vegur mun bæta umferðaröryggi verulega. Gætu orðið um 35 – 55% færri slys á endurbættum vegi en á núverandi vegi um Kerlingarskarð.

Í þessum niðurstöðum er ekki tekið tillit til áhrifa veðurfarslegra þátta á umferðaröryggi eða samspils hönnunarþátta en ef tekið væri tillit til veðurfars myndi umferðaröryggi aukast Vatnaheiðarleið í vil. Fram kemur að þó hægt sé að laga veglínu núverandi Kerlingarskarðsvegar með mýkri beygju við Köldukvísl og minnkun veghalla er það mat Vegagerðarinnar að nýr vegur um Kerlingarskarð muni alltaf takmarkast af legu lands. Hviðóttari vindur sé á Kerlingarskarði en Vatnaheiði og hafi að líkindum neikvæð áhrif á umferðaröryggi á núverandi leið um Kerlingarskarð. Fækkun slysa vegna færri hálkudaga á leiðinni um Vatnaheiði nemur einu slysi á 14 ára fresti. Líklegt er talið að breytt vegarstæði, minni brekkur og samspil þess við hálfu skipti meira máli við að fækka slysum en fækkun hálkudaga. Ekki er talið að veður hafi veruleg áhrif á slysatíðni.

Náttúruvernd ríkisins telur að kanna beri hvort ekki megi lagfæra leiðina um Kerlingarskarð enn frekar t.d. með byggingu vegskála og breytingu á vegamótum Snæfellsnessvegur í þá átt að auðvelda aðkomu flutningabíla.

Náttúruverndarsamtök Íslands draga í efa að nýr vegur um Vatnaheiði muni auka umferðaröryggi og bæta samgöngur umfram endurbætta leið um Kerlingarskarð. Ekki virðist gert ráð fyrir hærri slysatíðni á Vatnaheiði vegna hærri umferðarhraða þar en á leið um Kerlingarskarð en tíðni alvarlegra slysa eykst með hækkandi ökuhraða. Bent er á hugsanlega notkun veghólka á þeim hluta leiðar um Kerlingarskarð sem verst er í vindum og skafrenningi og þeim möguleika að víkja frá 70 km hönnunarhraða sem lágmarki. Einnig telja samtökin að forsendur einkunnargjafar við samanburð veglína séu óljósar. Ekki sé vitað hvort slík einkunnagjöf byggist á viðurkenndum alþjóðastaðli, hvort tekið sé tillit til mismunandi hönnunarhraða leiðanna tveggja í einkunnagjöfnni eða hvernig umferðaröryggi tengist hæð vegar yfir sjávarmáli. Náttúruverndarsamtök Íslands telja óásættanlegt að fórnar dýrmætum náttúrugæðum á Vatnaheiði vegna farartálma sem upp kemur endrum og sinnum á mjög takmörkuðum vegarkafli og það fyrst og fremst á veturna.

Gunnar Gunnarsson gagnrýnir að ekki sé mældur skafrenningur og snjóalög sem kunnugir telja veruleg á Vatnaheiði og veðurmælingar sýni vályndari veður á Vatnaheiði en á Kerlingarskarði. Gunnar mótmælir lagningu vegar yfir Vatnaheiði þar sem engin trygging sé fyrir meiri vegabótum með lagningu vegar um Vatnaheiði en með endurhönnun vegar yfir Kerlingarskarð og í ljósi þeirra náttúruspjalla sem framkvæmdin hafi í för með sér.

Páll Gíslason bendir á að ekki er bundið slitlag á á leiðinni um Kerlingarskarð. Hann er gerður úr óburðarhæfu efni á köflum og við vissar aðstæður megi lítið útaf bregða til að óhöpp verði.

Í svari Vegagerðarinnar kemur fram að vegur um Vatnaheiði muni bæta samgöngur verulega, sé langbesti kosturinn út frá vegtæknilegu sjónarmiði og muni draga umtalsvert úr slysatíðni. Vegur um Vatnaheiði sé umtalsvert betri og öruggari en endurbættur Kerlingarskarðsvegur. Ekki sé unnt að bæta hönnun endurbættis Kerlingarskarðsvegur umtalsvert frá því sem nú þegar liggur fyrir. Vegskáli er mjög dýr (u.þ.b. 300.000 kr/m) og myndi framkvæmdakostnaður aukast verulega yrði t.d. byggður vegskáli yfir Efri-sneið. Þá sé ljóst að þrátt fyrir byggingu vegskála á einhverjum ákveðnum kafla mun vegurinn í heild sem áður, verða mun lakari kostur vegna samspils halla og krappa beygja.

Í skýrslu Línuhönnunar<sup>1</sup> kemur fram að ekki er til alþjóðastaðall sem hægt er að nota við einkunnargjöf á hönnunarþáttum veglína en aðferðin sem notuð var byggist á erlendum heimildum og reynslutölum. Tengsl hönnunarhraða og skiltaðs hámarksbraða eru ekki bein, hámarksbraði yrði einfaldlega 90 km/klst á báðum leiðum. Að lækka hönnunarhraða undir 70 km/klst er því alls ekki æskilegt. Hraðinn gæti þó orðið nokkuð ójafn í gegnum Kerlingarskarð og við það gæti slyshætta aukist. Skemmri sjónlengdir og meiri lengdarhalli geta einnig aukið hættu á alvarlegum árekstrum. Á móti kemur að eilítið hærri meðalökuhraði yfir Vatnaheiði getur valdið alvarlegri slysum. Því var ákveðið að horfa ekki frekar á áhrif ökuhraða, enda munur á milli leiða bæði lítill og áhrif óljós. Búast megi við mun meira

<sup>1</sup> Haraldur Sigþórsson. Minnisputar vegna athugasemda Náttúruverndarsamtaka Íslands við vegtæknileg atriði frummatsskýrslu umhverfisáhrifa vegar nr. 56 yfir Vatnaheiða. Maí 1999.

umferðaröryggi á nýrri leið yfir Vatnaheiði heldur en á endurbættri leið í gegnum Kerlingarskarð.

#### 4.3.2 Útivist og landnotkun

Samkvæmt frummatsskýrslu er veiði stunduð í Baulárvallavatni og Selvallavatni og tjaldsvæði er við Selvallavatn. Farið er um Vatnaheiði á hestum og hefur hún verið nýtt til snjósleðaferða á veturna. Talið er að vegur um Vatnaheiði geti dregið úr fjölda þeirra sem nýta sér tjaldstæði við Selvallavatn en að vegurinn dragi ekki úr fjölda þeirra sem nýta svæðið til stangveiða, hestaferða, snjósleðaferða og gönguferða. Vegurinn muni auðvelda aðgang að svæðinu. Stefnt er að því að vegur um Kerlingarskarð verði nýttur sem reið- og gönguleið. Fram kemur að erfitt er að meta áhrif vegarins á útivist á svæðinu.

Sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps bendir á að vegurinn muni gjörbreyta svip landsins og að umhverfið verði aldrei það sama og það er í dag. Matsatriði sé hvort það er eingöngu neikvætt. Vegurinn geti stuðlað að aukinni nýtingu svæðisins til útivistar og ef svo á að verða þurfi að huga að nýtingu og skipulagi svæðisins samhliða gerð vegarins.

Ferðamálaráð Íslands telur að með bættum samgöngum batni samkeppnisstaða svæðisins til móttöku ferðamanna og vegurinn muni auðvelda aðgengi að fallegu svæði sem er tilvalið til útivistar. Huga verði að útskotum fyrir bíla og þverur reiðleiðar.

Ábúendur á Dal mótmæla fyrirhugaðri vegarlagningu um Vatnaheiði þar sem framkvæmdin muni rýra landgæði jarðarinnar og möguleika til afþreyingar og ræktunar. Með framkvæmdinni glatist sameiginleg auðævi sveitarinnar og íbúa svæðisins.

Náttúruvernd ríkisins telur að það landsvæði sem fyrirhugaður vegur liggur um hafi mikið útivistargildi. Svæðið sé nær óraskað, í nálægð við þéttbýli, landslag sé fallegt og margbreytilegt með samspili ólíkra landforma. Veiði sé í ám og vötnum og svæðið sé kjörið sem gönguland og til náttúruskoðunar. Fyrirhugaður vegur muni tvímæla-laust rýra gildi þess sem útivistarsvæðis og jafnframt skerða framtíðarmöguleika til uppbyggingar sjálfbærrar ferðaþjónustu. Hávaði frá umferð muni rjúfa kyrrð og friðsæld svæðisins. Stofnunin bendir á að náttúra landsins, landslag og jarðfræði hefur mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn, innlenda sem erlenda.

Páll Gíslason bendir á að á Vatnaheiði eru þrjú fjallavötn sem séu einu fjallavötnin á Snæfellsnesi. Gunnar Gunnarsson bendir á að fá vötn á landinu sem ekki eru hærra yfir sjávarmáli séu með jafn ósnortið umhverfi. Kvosin sem vötnin liggja í sé fágæt í friðsæld sinni og óviðjafnalegri fegurð. Ekki sé ásættanlegt að spilla þessum náttúruperlum og öröskuðu umhverfi þeirra.

Náttúruverndarsamtök Íslands benda á að útivistargildi svæðisins sé stórlega vanmetið. Vinsældir svæðisins byggist á náttúrulegu umhverfi, fjölbreyttum og fagursköpuðum landslagsformum og grónu umhverfi. Með tilkomu vegarins muni náttúrulegri ásýnd landslagsins og heidanna ró stórlega spillast og náttúrufarslegum gæðum hnigna. Svæðið er í dag vinsælt til veiða, útreiða og annarrar almennrar útiveru. Gerð sé ófullnægjandi greining á útivistaráhrifum nýs vegar um Vatnaheiði. Samtökin telja að vegurinn muni draga úr fjölda þeirra sem nýta sér svæðið til stangveiða, hestaferða, snjósleðaferða og gönguferða.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að fyrirhugaður vegur muni rýra landgæði Dals en bent á að skerðing á landi sé einungis flatarmál fyrirhugaðs vegar og því sé ekki um umtalsverða skerðingu að ræða. Fyrirhugaður vegur muni opna nýja möguleika til útivistar, en jafnframt skerða möguleika á útivist á tiltölulega öröskuðu svæði. Tekið er undir ábendingar um að samráð skuli haft við hagsmunaðila um staðsetningu áningarstaða og að heildarskipulag svæðisins verði unnið samhliða framkvæmdum.

#### 4.3.3 Hagkvæmni framkvæmdar

Samkvæmt frummatsskýrslu er lagning vegar yfir Vatnaheiði 33 milljónum króna ódýrari en endurbætur á vegi um Kerlingarskarð. Jafnframt kemur fram að árlegur munur á kostnaði við rekstur er um 9 milljónir á ári. Ekki er tekið tillit til áhrifa á atvinnulíf og kostnaðar vegna snjómoksturs.

Náttúruverndarsamtök Íslands benda á að ekki virðist gert ráð fyrir takmörkunum á umferð vegna meiri snjósöfnunar á Vatnaheiði en Kerlingarskarði og hærri kostnaði við snjómokstur vegna þessa. Ekki sé tekið tillit til þess að tíðni alvarlegra slysa eykst með hækkandi ökuhraða og aukins viðhaldskostnaðar vegna vandamála af völdum vatns þar sem vegurinn liggur um votlendi. Guðmundur P. Ólafsson bendir á að snjóalög kalli á viðhaldskostnað.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að engar forsendur séu fyrir því að viðhaldskostnaður vegar um Vatnaheiði verði meiri en á vegi um Kerlingarskarð. Viðhaldskostnaður fari vaxandi eftir því sem vegur liggja hærra í landi. Þar þurfi oftast að moka snjó en notkun snjóruðningstækja eyðileggi slitlag vegar. Mælingar sýni að minni vindur og þar með skafrenningur sé á Vatnaheiði og því þurfi að moka sjaldnar. Þar er lítið um brekkur og beygjur og því er unnt að nota léttari snjóruðningstæki sem valda minni skemmdum á slitlagi. Minni halli vegarstæðis dregur úr keðju notkun flutningabíla. Það er því mat Vegagerðarinnar að hvorki snjómoksturskostnaður né viðhaldskostnaður verði meiri á Vatnaheiði en á endurbyggðum vegi um Kerlingarskarð.

Guðmundur Páll Ólafsson og Páll Gíslason benda á nauðsyn þess að huga að heildarlausn á vegakerfinu á Snæfellsnesi. Skoða þurfi slíkar ákvarðanir í stærra samhengi við aðrar væntanlegar framkvæmdir á svæðinu s.s. veg um Kolgrafarfjörð og jarðgöng undir Slitvindastaðaskarð. Huga beri að náttúruverðmætum og framtíðarsýn þegar vegarstæði eru valin. Þess vegna eigi að laga veginn yfir Kerlingarskarð.

#### 4.4 ÁHRIF Á LANDSLAG OG JARÐMYNDANIR

Í frummatsskýrslu kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir munu hvorki raska vötnum á svæðinu, né apalhrauni, gíghólum eða söguminjunum Berserkjagötu og Berserkjadys. Ekki verður hróflað við Gráukúlu eða Rauðukúlu og muni framkvæmdir því ekki raska þeim náttúruminum sem eru á Náttúruminjaskrá, en raska vikurruðningum austan Selvallavatns. Vegur um Vatnaheiði mun breyta landslagsheild og ásýnd svæðisins. Erfitt er hins vegar að meta umfang áhrifa vegarins á landslag svæðisins.

Að mati Náttúruverndar ríkisins hefur norðurhluti Vatnaheiðar hátt verndargildi og er svæði sem er sérstakt bæði á lands- og heimsvísu. Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eru meðal annars gígar og hraun frá nútíma sem eru sérstæðar náttúruminjar. Vegurinn

mun liggja í grennd við Gráukúlu og Rauðukúlu og í brekkunni austan Selvallavatns ganga vikurruðningar fram á milli djúpra vatnsrása og mynda sérstætt og fallegt landslagsform sem vegurinn mun raska. Með landslagsvernd er reynt að varðveita stórar landslagsheildir sem enn eru að mestu óskemmdar. Verndargildi landslags á Vatnaheiði felst ekki aðeins í þeim náttúruminum sem þar er að finna heldur einnig í því að um er að ræða svæði sem enn er að mestu leyti óraskað. Vegagerð og aðrar framkvæmdir munu rýra gildi þessa svæðis. Bent er á að Náttúruminjaskrá er stefnu-yfirlýsing stjórnvalda um það hvaða svæði ætti að vernda og hlífa vegna sérstöðu þeirra og verndargildis og í lögum um náttúruvernd komi t.d. skýrt fram að þegar svæði er friðlýst vegna sérstakra jarðmyndana skuli friðlýsa svæði umhverfis það eins og nauðsynlegt er til þess að það fái notið sín.

Náttúruvernd ríkisins telur að fyrirhugaður vegur yfir Vatnaheiði muni raska merkingu náttúruminum og að ekki sé hægt að fallast á framkvæmdina vegna þeirra neikvæðu umhverfisáhrifa sem hún mun hafa í för með sér.

Náttúruverndarsamtök Íslands og Guðmundur P. Ólafsson benda á að vegarstæði yfir Vatnaheiði liggur um svæði sem er að mestu ósnortið og hluti þess sé á Náttúruminjaskrá. Mikilvægi þess að huga að heildstæðri vernd landssvæða og landslagsvernd er skýrt áréttað með tilkomu nýrra náttúruverndarlaga, þar er lögð áhersla á að vernda ósnortin og lítt snortin landsvæði, votlendi og jarðfræðilega sérstöðu. Gráakúla og Rauðakúla séu gígar sem teljast til sérstæðustu og athyglisverðustu jarðmyndana landsins sem best njóti sín í náttúrulegu landslagi fjarri mannanna verkum.

Í svörum Vegagerðarinnar er bent á að vegur um Vatnaheiði mun breyta landslagsheildinni á svæðinu en kostir fyrirhugaðrar vegarlagningar séu meiri en sú röskun sem hún mun valda. Fyrirhugaður vegur liggja fjær Gráukúlu en núverandi slóði að Selvallavatni og er í jaðri þess svæðis sem er á Náttúruminjaskrá og því muni röskun á landslagsheild á því svæði verða minni en ella. Vegurinn verði tiltölulega lágur og raski ekki landslagsformum á þessu svæði. Það er mat Vegagerðarinnar að vegurinn fari yfir svæði á Náttúruminjaskrá þar sem fyrst og fremst beri að vernda jarðfræðiminjar og vötn. Fyrirhugaðar framkvæmdir á Vatnaheiði muni ekki koma til með að raska þessum minjum, að undanskildu raski á vikurruðningum ofan Selvallavatns. Á yfirlitsmynd og í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að með hliðsjón af ábendingum hefur veglínan að hluta til verið flutt frá því sem kynnt var í frummatsskýrslu, úr vikurbrekkunum austan Selvallavats og niður á flatlendið.



## 4.5 ÁHRIF Á GRÓÐUR OG DÝRALÍF

### 4.5.1 Gróður

**Vegur yfir Vatnaheiði.** Í frummatsskýrslu kemur fram að vegurinn liggur að mestu leyti yfir vel gróið land. Um syðrihluta og miðbik leiðarinnar er farið yfir óspillt votlendi með mýrum og flóum og þurrlendi með gróskulegum l yngmóum. Gróðri hefur lítið sem ekkert verið raskað af mannavöldum og eykur það á gildi svæðisins sem lítt snortið land. Votlendið á Mýrum og Vesturlandi sé gróskumikið og tegundaauduugt og hafi mikið gildi á landsvísu og mýrarnar á Vatnaheiðarleið séu hluti af því. Við vegarlagninguna mun fara til spillis gróið land sem nemur veginum og nánasta umhverfi hans.

Í frummatsskýrslu kemur fram að á svæðinu fundust tvær sjaldgæfar háplöntutegundir og tvær sjaldgæfar mosategundir. Sóldögg er sjaldgæf á landsvísu en vaxtarstaður skollakambs er eini þekkti fundarstaður hans á Snæfellsnesi. Í Dufgusdal og ofarlega við Straumfjarðará og ofan við Selvallavatn vaxa tegundir sem bera vott um snjóþyngsli á þeim svæðum.

Samkvæmt frummatsskýrslu verður lagður fljótandi vegur yfir votlendi sem mun halda áhrifum á grunnvatnsstöðu og grunnvatnsstreymi í lágmarki. Votlendi ætti ekki að verða fyrir verulegum áhrifum og tegundafjölbreytni í nágrenni vegar ekki að breytast. Ekki er talin hætta á að sjaldgæfum tegundum verði útrýmt af svæðinu. Vegurinn verður færður austar til að skerða vaxtarsvæði skollakambs sem minnst og gætt verður fyllstu varúðar við efnistöku í námu C til að raska ekki vaxtarsvæði hans.

Náttúrufræðistofnun Íslands<sup>1</sup> bendir á að erfitt virðist að leggja veg um þetta svæði, án þess að raska því verulega þar sem hann mun skera í sundur víðáttumikla mýrafláka og að öllum líkindum raska flóknu kerfi lunda og vatnsrása, þrátt fyrir að skurðgreftri verði haldið í lágmarki.

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að ljóst sé að fyrirhugaður vegur liggur um viðkvæmt svæði og hætta sé á að sjaldgæfum tegundum verði útrýmt af framkvæmdasvæðinu ef ekki er gætt varúðar. Gera þarf nánari grein fyrir færslu vegarins þannig að vaxtarsvæði skollakambs verði ekki skert og gera þarf ráðstafanir til þess að sjaldgæfum tegundum verði ekki útrýmt af svæðinu. Brýnt er að efni verði að mestu ekið inn á svæðið þar sem vegurinn liggur í graslendi og votlendi. Náttúruvernd ríkisins telur að forðast eigi að leggja vegi yfir óraskað votlendi og nauðsynlegt að vernda það sem eftir er ósnert, m.a.a vegna fuglalífs. Einnig er bent á að röskun á votlendi sé ekki í samræmi við stefnu yfirvalda og í ósamræmi við nýsamþykkt lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Náttúruverndarsamtök Íslands benda á að í heild lætur nærri að vegstæðið liggi yfir votlendi á um 40% af heildarvegalengd nýja vegstæðisins. Fyrirhugað vegstæði um Vatnaheiði samræmist illa samþykktri stefnu stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni og gangi líklega gegn verndaryfirlýsingum Íslendinga í Ríósamþykktinni 1992 um líffræðilega fjölbreytni. Það er mat Náttúruverndarsamtaka Íslands ekki sé hægt að fallast á nýjan veg um Vatnaheiði vegna þeirra áhrifa sem vegurinn mun hafa á friðsælt, vel gróið og fallett svæði.

<sup>1</sup> Viðauki C-1 með frummatsskýrslu

Guðmundur P. Ólafsson bendir á að Íslendingar séu aðilar að alþjóðasamningum um fjölbreytileika tegunda. Fágæti tegundar sé alvarleg aðvörðun því hver tegund sé auðlind sem ekki megi eyða. Hún sé mikilvægur hlekkur í hverju vistkerfi sem geri það öflugra en án hennar.

Páll Gíslason bendir á að við gerð fljótandi vegar um votlendi þar sem er vatnsagi og landhalli stíflist eðlileg framrás jarðvatns.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að fyrirhugaður vegur sé ekki í andstöðu við framkvæmdaáætlun stjórnvalda þar sem fram kemur að vernda og endurheimta eigi votlendi sem kostur er. Bent er á að með því að leggja fljótandi veg er dregið úr raski á votlendi svæðisins. Við gerð vegfyllinga verði reynt að raska votlendinu sem minnst og ef viðhöfð verði öguð vinnubrögð sé ekki ástæða til að ætla að vatnakerfið spillist. Vegfylling hindi ekki að grunnvatn streymi undir fyllinguna og sami þrýstingur haldist beggja megin vegar. Ekki er vitað um sérstakar úttektir á áhrifum vegagerðar á slíkum svæðum en bent á svæði þar sem talið er að vatnafar hafi ekki breyst vegna vegagerðarinnar. Vegurinn og lagning ræsa hvorki auka né draga úr eðlilegu vatnsrennsli á svæðinu.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að vaxtarsvæði skollakambs er fyrir neðan fyrirhugaðan veg og í töluverðri fjarlægð frá fyrirhuguðu efnistökusvæði. Afmarka þurfi vaxtarsvæði sjaldgæfra tegunda á framkvæmdartíma og hafa samráð við Náttúruvernd ríkisins.

Umhverfisráðuneytið hefur lýst þeirri afstöðu sinni „að aðeins sé ásættanlegt að gengið sé á votlendi við framkvæmdir að gerð sé krafa um endurheimt votlendis af svipaðri stærð sé þess nokkur kostur. Í slíkum tilvikum skuli gerð krafa um endurheimt votlendis sem næst því svæði sem um er að ræða.“

Samkvæmt frummatsskýrslu verður moldarblandað yfirborðslag haugsett þar sem efnistaka fer fram á grónu landi og síðan jafnað yfir svæðið að lokinni efnistöku. Við frágang verða svæðin látin falla sem best að landslagi.

Landgræðsla ríkisins bendir á að gróðurask verði allverulegt. Loka verður námum og vegskeringum strax með áburðargjöf og sáðgrös, sem smám saman muni víkja fyrir náttúrulegum gróðri á svæðinu.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að tekið verði mið af grenndargróðri við uppgræðslu. Á ákveðnum svæðum er æskilegra að sáning fari ekki fram og náttúruleg gróðurframvinda sé látin ráða. Samráð verði haft við eftirlitsráðgjafa stofnunarinnar á Vesturlandi um efnistöku, afmörkun efnistökusvæða og frágang að efnistöku lokinni.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að grenndargróður verður notaður við frágang í samráði við Náttúruvernd ríkisins, Landgræðslu ríkisins og landeigendur. Samráð verður haft við eftirlitsfulltrúa Náttúruverndar ríkisins á Vesturlandi um efnistöku, afmörkun og frágang efnistökusvæða.

**Endurbættur vegur um Kerlingarskarð.** Í frummatsskýrslu kemur fram að gróður er mun minni á leið um Kerlingarskarð en víðast hvar á Vatnaheiðarleið, einkum þó milli Gæshóla og Rauðukúlu. Gróðurlitlir vikrar og naktar hlíðar setja svip á þennan hluta leiðarinnar. Meiri gróðurþekja er á syðri hluta leiðarinnar og er Hjarðarfellsdalur vel gróinn.

#### 4.5.2 Dýralíf

**Vegur yfir Vatnaheiði.** Í frummatsskýrslu kemur fram að fuglalíf á fyrirhuguðu vegstæði er töluvert og þéttleiki mófugla meiri en á mörgum sambærilegum svæðum. Við Straumfjarðará er mesta straumandarþéttbýli á Snæfellsnesi og ef til vill á öllu Vesturlandi. Vaxandi umferð geti valdið truflun á því. Vegur um Dufgusdal mun raska búsvæðum fugla töluvert en tegundirnar eru allar algengir varpfuglar. Ernir hafa orpið á svæðinu. Tímasetning framkvæmda við Straumfjarðará og á syðsta hluta leiðarinnar verður á þann hátt að varpi verður ekki raskað og samráð verður haft við Náttúruvernd ríkisins.

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa neikvæð áhrif á straumandarvarp við útfall Straumfjarðará. Straumandarþéttbýlið er hið mesta á Snæfellsnesi og hefur tvímælaust verndargildi og því mikilvægt að því verði ekki raskað.

Náttúruverndarsamtök Íslands telja að með lagningu vegarins sé óviðunandi áhætta tekin hvað snertir straumandarvarpið.

Guðmundur P. Ólafsson bendir á auðugt fuglalíf, ekki síst straumönd.

Í svörum Vegagerðarinnar er vísað í Náttúrufræðistofnun Íslands þar sem fram kemur að helst geti umferð gangandi vegfarenda um svæðið raskað varpi straumanda. Umferð veiðimanna sé ekki veruleg á svæðinu, né talið að hún aukist frá þeirri umferð sem nú er við Baulárvallavatn. Ekki verði byggður áningarstaður á þessu svæði og takmörkun verði á efnislosun með sprengingum úr námu C á varptíma straumandarinnar ef þess verður óskað.

Samkvæmt frummatsskýrslu er laxveiði í Straumfjarðará og Köldukvísl. Nokkuð er um urriða á ófiskgenga hluta Straumfjarðará og í Baulárvallavatni.

Í umsögn veiðimálastjóra kemur fram að ef frá er talin þverun Köldukvíslar, hafi framkvæmdirnar ekki áhrif á lífríki í ám og vötnum til lengri tíma litið. Mikilvægt er að brýr eða ræsi sem sett verða í farveg Köldukvíslar verði fær fiski og nauðsynlegt er að koma í veg fyrir óeðlilegan moldar- og leirburð í Köldukvísl og Straumfjarðará á veiðitíma júlí - september og að uppbygging vegarins í næsta nágrenni ána verði framkvæmd utan þess tíma.

Í svari Vegagerðarinnar kemur fram að ekki verði óeðlilegur moldar- og leirburður í Köldukvísl og Straumfjarðará vegna efnistöku eða vegarlagningar. Ekki verði unnt að takmarka framkvæmdir frekar á svæðinu á veiðitíma.

**Endurbættur vegur um Kerlingarskarð.** Í frummatsskýrslu kemur fram að á nyrðri hluta leiðarinnar verpur strjálíngur af fuglum. Á syðri hluta leiðarinnar er meiri gróðurþekja en fuglalíf er þar lítt þekkt.

#### 4.6 ÁHRIF Á MENNINGARMINJAR

**Vegur yfir Vatnaheiði.** Samkvæmt frummatsskýrslu fundust ekki fornminjar á vegstæðinu en um 50 m austur af stöð 6.800 eru leifar stekks sem ekki má hrófla við. Um 100 – 150 m frá stöð 6.200 til 6.800 eru leifar bæjarhúss og útihúsa sem ekki verður raskað. Fornar seltóftir eru á svæðinu en virðast þó hafa verið all fjarri fyrirhuguðu vegstæði.

**Endurbættur vegur um Kerlingarskarð** gæti takmarkast af tveimur dysjum við svokallaða Efri-sneið. Innri dysin er veglegri og stendur hægra megin vegar og fast við hann þegar ekið er norður af skarðinu.

Í umsögn Þjóðminjasafnsins Íslands eru ekki gerðar athugasemdir við framkvæmdina.

## 5. NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS

Vegagerðin hefur tilkynnt til frumathugunar lagningu nýs 16,5 km langs vegar frá vegamótum Ólafsvíkurvegar og Kerlingarskarðsvegar yfir Vatnaheiði að vegamótum við Snæfellsnesveg. Jafnframt er lagt mat á þann kost að endurbæta núverandi veg um Kerlingarskarð. Markmið framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi og tryggja greiðari samgöngur á Snæfellsnesi. Áætlað er að framkvæmdir hefjist fyrri hluta ársins 2000 og að þeim ljúki árið 2002. Vegurinn verður lagður bundnu slitlagi.

Fyrirhugaður vegur yfir Vatnaheiði fer um tiltölulega ósnortið og vel gróið svæði með gróskumiklu votlendi. Mikið fuglalíf er á svæðinu, þar með talið stærsta straumandarvarp á Snæfellsnesi og lax og urriði er í ám og vötnum. Norðanvert svæðið er á Náttúruminjaskrá vegna sérstæðra söguminja, jarðmyndana, landslags og vatna. Svæðið er mikið notað til útivistar.

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins og athugasemdum er ekki fallist á veg um Vatnaheiði þar sem hann muni valda raski á votlendi, sjaldgæfum plöntum, búsvæðum fugla, merkum jarðmyndunum og muni rýra gildi svæðisins sem landslagsheildar og útivistarsvæðis. Ekki hafi verið sýnt fram á að vegur yfir Vatnaheiði sé betri kostur veðurfarslega en endurbættur vegur um Kerlingarskarð. Lagt er til að skoðaður verði betur sá kostur að endurbæta núverandi veg um Kerlingarskarð. Jafnframt er bent á nauðsyn þess að huga að heildarlausn á vegakerfinu á Snæfellsnesi í samhengi við aðrar framkvæmdir s.s. jarðgöng og þverun Kolgrafarfjarðar.

Sveitarstjórnir á svæðinu eru fylgjandi lagningu vegar yfir Vatnaheiði.

Samkvæmt frummatsskýrslu og svörum framkvæmdaraðila er meðalslysatiðni á núverandi vegi um Kerlingarskarð 2,71<sup>1</sup> en á Vesturlandi öllu 1,35. Fram kemur að endurbætur á núverandi vegi um Kerlingarskarð muni bæta umferðaröryggi verulega og samkvæmt lauslegri áætlun sé unnt að fækka slysum þar um 35-55%. Vegur yfir Vatnaheiði er talinn verða 50% öruggari en endurbættur vegur um Kerlingarskarð. Miðað við meðaltal 5 ára (1993 – 1997) er þungfært eða ófært 27 daga á ári á Kerlingarskarði en áætlað er að þungfært eða ófært verði allt að 23 daga að meðaltali á ári á Vatnaheiði.

Vegna náttúrfars og nálægðar við svæði á Náttúruminjaskrá er vegur yfir Vatnaheiði á svæði sem hefur mikið náttúruverndargildi. Til þess að hægt sé að fallast á lagningu vegar yfir Vatnaheiði þarf ótvírætt að liggja fyrir að með endurbótum á vegi um Kerlingarskarð sé ekki hægt að ná því markmiði á ásættanlegan hátt að auka umferðaröryggi og tryggja greiðari samgöngur. Ljóst er að vegur yfir Vatnaheiði verður öruggari en endurbættur vegur um Kerlingarskarð vegtæknilega séð. Hins vegar hefur ekki verið gerð fullnægjandi grein fyrir slysatiðni og færð á endurbættum vegi um Kerlingarskarð. Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er því ekki hægt að leggja raunhæft mat á ávinning þess að leggja veg yfir Vatnaheiði miðað við endurbættan veg um Kerlingarskarð.

<sup>1</sup> Á hverja milljón ekinna km.

Það er mat skipulagsstjóra ríkisins að þar sem fyrirsjáanlegt sé að lagning vegar yfir Vatnaheiði muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif þurfi haldbetri rök fyrir því að afskrifa endurbættan veg um Kerlingarskarð sem ásættanlegan kost. Skoða þarf endurbættan veg um Kerlingarskarð betur með tilliti til mögulegra endurbóta á veglínu, slysatíðni, færðar og umferðaröryggis ásamt áhrifum á gróður, landslag, útivist, landnotkun og menningarminjar.

Á grundvelli frummatsskýrslu framkvæmdaraðila, umsagna, athugasemda og svara framkvæmdaraðila er það mat skipulagsstjóra ríkisins að ekki liggi fyrir fullnægjandi samanburður framkvæmdakosta við mat á umhverfisáhrifum vegar nr. 56 yfir Vatnaheiði á Snæfellsnesi varðandi tilhögun framkvæmdar og umferðaröryggi til þess að unnt sé að fallast á framkvæmdina.

Í samræmi við ákvæði 12. gr. reglugerðar nr. 179/1994 um mat á umhverfisáhrifum, sbr. 8. gr. laga nr. 63/1993, skal ráðist í frekara mat á umhverfisáhrifum lagningar vegar nr. 56 yfir Vatnaheiði á Snæfellsnesi.

## 6. ÚRSKURÐARORÐ

Með vísun til 8. greinar laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 hefur skipulagsstjóri ríkisins farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, ásamt umsögnum, athugasemdum og svörum framkvæmdaraðila við þeim.

Með vísun til niðurstöðu skipulagsstjóra ríkisins sem gerð er grein fyrir í 5. kafla þessa úrskurðar skal ráðist í frekara mat á umhverfisáhrifum lagningar vegar nr. 56 yfir Vatnaheiði á Snæfellsnesi.

Gera þarf frekari grein fyrir áhrifum endurbætts vegar um Kerlingarskarð á umferðaröryggi, náttúrufar, landnotkun og menningarminjar borið saman við núverandi veg og veg yfir Vatnaheiði.

## 7. KÆRUFRESTUR

Samkvæmt 14. grein laga nr. 63/1993 má kæra úrskurð skipulagsstjóra ríkisins til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 9. júlí 1999.

Reykjavík, 4. júní 1999

Stefán Thors

Hólmfríður Sigurðardóttir